



„Maður var sko ekki búinn að reikna með þessu!“ segir Hannes Sigurður Sigurðsson um goshver sem fannst við framkvæmdir í bakgarðinum hans á Reykjavöllum. Hér sést Hannes með Emiliu, dóttur sinni, við goshverinn. „Krakkarnir eru himinlifandi og skólabillinn sem fer með stelpurnar stoppar svo börnin geti horft á gosið.“ Ljóst er að hverinn gæti orðið góð búbot. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekki jarðsett síðdegis á föstudögum

Vegna samninga um styttingu vinnuvikunnar er ekki lengur hægt að halda útfarir með jarðsetningu eftir hádegi á föstudögum hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur. „Fengum bara bréf með mánaðarfyrirvara,“ segir formaður Félags íslenskra útfararstjóra.

lovisa@frettabladid.is

VINNUMARKAÐUR Prestar og útfararstjórar segja mikla þjónustuskerðingu felast í því að nú sé ekki hægt að vera með útfarir með jarðsetningu eftir hádegi á föstudögum vegna vinnutímastyttingar hjá Kirkjugörðum Reykjavíkur.



Það var ekki talað við útfararstjóra og það hefði verið eðlilegt að halda fundi með þeim sem vinna við þetta.

Rúnar Geirmundsson, formaður Félags íslenskra útfararstjóra.

„Það var ekki talað við útfararstjóra og það hefði verið eðlilegt að halda fundi með þeim sem vinna við þetta. En það er kannski lítið á þetta sem innanhúsmál hjá kirkjugörðunum. Þau sögðu að þau hefðu prófað aðrar aðferðir en við fengum bara bréf um að þessu væri komið á, með mánaðarfyrirvara,“ segir Rúnar Geirmundsson, formaður Félags íslenskra útfararstjóra.

Jóna Hrönn Bolladóttir, sóknarprestur í Garðabæ, segist ekkert hafa á móti styttingu vinnuvikunnar en telur að það verði að gæta þess að styttingin skerði ekki þjónustu. Betra hefði verið að vinna lyki seinna á föstudegi eða að nýta mánudaginn í styttinguna, en það er eini fridagur stórs hóps þeirra

sem sinna útfararþjónustu, eins og presta, organista og kirkjuvarða.

Alls voru útfarir í Reykjavík 503 í fyrra, fjöldi þeirra á föstudögum var 150 og telur Þórsteinn Ragnarson, forstjóri Kirkjugarða prófastsdæmanna, að þeim hafi verið hægt að skipta jafnt á milli þeirra tíma sem voru í boði, en það er 11, 13 og 15. Þá snúist málið í raun um 100 útfarir sem þurfi að raða á aðra daga.

Að sögn Jónu Hrannar veldur þetta áhyggjum, til dæmis í Mosfellsbæ og Garðabæ, þar sem vinnutímastytting í kirkjugörðum hefur ekki verið innleidd á föstudegi. „Hér er fólk nú þegar farið að finna fyrir auknu álagi,“ segir Jóna Hrönn. SJÁ SIÐU 6

Áslaug braut ekki prófkjörsreglur

gar@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Yfirkjörstjórn Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík sagði í gær að ekkert væri hæft í ásökunum tveggja frambjóðenda í prófkjöri flokksins í höfuðborginni, þeirra Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra og Diljár Mistar Einarsdóttur, um að Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra hefði haft rangt við.

Áslaug og Guðlaugur berjast um oddvitasæti Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Mikil óvissa er um hvort muni hafa betur í prófkjörinu. Ráðherrarnir tveir eiga báðir greinar í Fréttablaðinu í dag í tilefni af prófkjörinu. SJÁ SIÐUR 2 OG 10



Rafmögnuð nærvera sem tekið verður eftir

Q4 e-tron Verð frá 5.790.000 kr.

HEKLA · Sími 590 5000 · Laugavegur 170 · www.hekla.is/audisalur



5



Höfuðstöðvar Sjálfstæðisflokksins.

Hnífjöfn barátta hjá ráðherrunum

adalheidur@frettabladid.is

STJÓRN MÁL Að mati þeirra sem Fréttablaðið hefur rætt við ríkir fullkomin óvissa um hvort muni hafa betur í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra eða Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra. Bæði gefa kost á sér í 1. sæti í prófkjöriinu sem hefst í dag.

Útlit er fyrir mikla þátttöku í prófkjöriinu en yfir 1.700 höfðu greitt atkvæði utan kjörfundar í gær. Til samanburðar tóku 3.400 þátt í síðasta prófkjöri flokksins í borginni.

Þrettán eru í kjöri en kjósendur velja átta frambjóðendur sem radast í fjögur efstu sætin hvort í sínu kjördæminu í borginni.

Þótt kunnugir geti ef til vill greint flesta þátttakendur í fylkingar eru þátttakendur lítið að vinna saman opinberlega fyrir utan Guðlaug Þór og aðstoðarkonu hans, Diljá Mist Einarsdóttur. Þeir sem kjósa Áslaugu þykja þó líklegir til að raða bæði Hildi Sverrisdóttur og Friðjóni Friðjónssyni ofarlega en Kjartan Magnússon og Brynjar Nielsson þykja eiga frekar upp á pallborðið hjá kjósendum Guðlaugs. Athygli hefur vakið hve Brynjar Nielsson hefur lítið beitt sér í aðdraganda prófkjörsins og lét sig vanta á sameiginlegan framboðsfund í Valhöll.

Ólíkt prófkjöri flokksins í Suðurkjördæmi, þar sem samvinna og léttur andi meðal frambjóðenda einkenndi prófkjörið, er mikil og hörð barátta milli Áslaugar og Guðlaugs. Gengið hefur á með klögumálum en kjörstjórn lýsti því yfir í gærkvöldi að ekkert væri hæft í kvörtun Guðlaugs undan meintu svindli Áslaugar. Þá hefur Póst- og fjarskiptastofnun borist kvörtun frá einstaklingi vegna símhringinga frá framboði Guðlaugs.

Kosið er á nokkrum kjörstöðum í borginni frá klukkan 11 til 18 í dag og frá 10 til 18 á morgun.

Að sögn Kristínar Edwald, formanns kjörstjórnar, má búast við að talning atkvæða muni standa eitt-hvað inn í aðfaranótt sunnudags. ■

Túristarnir tínast á Þingvöll



Aftur er farið að bera á ferðamönnum á Þingvöllum eftir mikla lægð í ferðamannaiðnaðinum síðasta árið vegna Covid-faraldursins. Það lán reyndist í óláninu að í fjarveru túristanna hefur verið unnt að endurnýja útsýnis- og göngupalla á Þingvöllum og því ganga gestirnir að þjóðgarðinum vel búnum. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI.**

Marek íhugar að áfrýja dómnum

ingunnlara@frettabladid.is

DÓMSMÁL Marek Moszczyński var í gær sýknaður vegna ósakhæfis af ákæru um íkveikju á Bræðraborgarstíg í fyrri. Þrír létust í eldsvoðanum. Marek var dæmdur ósakhæfur vegna geðrofs og honum gert að sæta öryggisvistun á réttargeðdeild.

Stefán Karl Kristjánsson, verjandi Mareks, telur tilefni til að skoða áfrýjun og rannsókn á svokallaðri antibiomaníu, sem er geðrof af völdum sýklalyfs. „Ég vil sjá skýr svör um máni af völdum sýklalyfs,“ segir Stefán. „Marek var á sýklalyfjum sem hafa áður valdið maníuköstum hjá fólki víðs vegar um heim.“ ■

Ráðherra ýtir aftur á Disney

Menntamálaráðherra fylgist vel með gangi talsetningar á streymisveitu Disney. Fjórum mánuðum eftir bréfasendingu til forstjóra Disney eru 37 myndir af rúmlega 500 með íslensku tali. Hún hyggst senda fyrirtækinu ítrekun.

odduraevar@frettabladid.is

KVIKMYNDIR Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra hyggst senda Disney ítrekun á næstunni vegna gangs talsetningar teiknimynda á Disney+. Þetta kemur fram í svörum ráðherrans við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Framkvæmdastjóri Samfilm segir Disney sjálft hafa annast talsetningar á teiknimyndum sínum undanfarin ár.

Rúmlega 40 teiknimyndir eru nú aðgengilegar með íslensku tali á efnisveitunni, fjórum mánuðum eftir að Lilja sendi forstjóra Disney bréf þar sem hún hvatti fyrirtækið til þess að styrkja stöðu íslensku með því að nýta sér íslenskar talsetningar.

Lilja segist hafa fylgst vel með gangi mála og séð að íslenskum talsetningum fjölgi hægt og bitandi.

„Ég hefði þó gjarnan viljað sjá þetta ganga hraðar, enda er ekki skortur á íslensku efni. Disney brást vel við bréfi mínu og mér var svarað innan örfárra daga, en ég mun senda ítrekunarbref á Disney á næstunni og kalla eftir nákvæmari upplýsingum frá samsteypunni hvað varðar fjölda titla sem má finna á íslensku, en einnig hvernig tíma- og verkætlan þeirra hljómar fyrir þetta mál,“ segir Lilja.

Að sögn ráðherra er þetta henni hjartans mál.

„Ég hef fulla trú á því að við getum áfram átt gott samstarf við Disney. Ég mun áfram fylgjast með því hvernig málið þróast



Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra lætur sig varða að-gengi íslenskra barna að móðurmálinu. **FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK**

enda er þetta mér hjartans mál, að börnin okkar fái greiðan aðgang að hágæða myndum og afþreyingu á íslensku.“

Þorvaldur Árnason, framkvæmdastjóri Samfilm, segir að boltinn sé alfarið hjá Disney. Fyrirtækið hafi sjálft annast talsetningu á eigin teiknimyndum undanfarin ár. Meðal teiknimynda sem nú er að finna með íslensku tali á streymisveitunni er Aladdín, Guffagrín, og nýjar teiknimyndir úr smíðju Pixar.

Athygli vekur að margar myndirnar eru framhaldsmýndir. Þannig má finna Mulan II og Hringjarann í Notre Dame II á íslensku á streymisveitunni en ekki frummyndirnar, sem eru töluvert vinsælli. ■



Íslensk talsetning Mulan hefur ekki skilað sér á Disney+ en framhaldsmýndin er þar á íslensku. **MYND/Disney**

LYFSALINN

BÍLAAPÓTEK

VIÐ VESTURLANDSVEG

Renndu við og fáðu lyfin afgreidd beint í bílinn

www.lyfsalinn.is

Austurhöfn opnar

Með hækkandi sól færirst líf í Austurhöfn. Íbúðirnar í þessum nýjasta borgarhluta Reykjavíkur eiga sér enga hliðstæðu í hönnun, efnisvali, tækni, þjónustu og aðgengi. Nálægðin við Reykjavíkurborg, Hörpu og iðandi mannlíf í miðborginni gerir Austurhöfn að einstökum stað. Íbúar Austurhafnar njóta jafnframt skjólgóðs einkagarðs og hafa beint aðgengi að veitingastöðum og þjónustu á Hafnartorgi. Hver íbúð hefur sinn eigin persónuleika sem hentar ólíkum kröfum. Austurhöfn er staður sem verður að upplifa.

Sannur miðbæjarandi

Tveggja herbergja íbúð í hæsta gæðaflokki. Rúmgott og vel skipulagt svefnherbergi, ítalskar gæðainnréttingar og snjallheimiliskerfi ásamt útsýni í einkagarð Austurhafnar af stórum og björtum svölum.

📍 Íbúð 216, Reykjastræti 7
2 herb. 71,6 m², Verð: 73,5 m.

Glæsileg, björt og opin


Vegleg stofa með einstöku útsýni að Hörpu og Reykjavík. Rúmgott eldhús með hágæða aðstöðu býður gesti velkomna. Stórt baðherbergi með baðkari og fataherbergi.

📍 Íbúð 314, Reykjastræti 7
2 herb. 102,3 m², Verð: 110 m.

Taktu á móti gestum

Rúmgóð fjögurra herbergja íbúð á þriðju hæð í Austurhöfn. Svalir í báðum endum íbúðarinnar veita skemmtilegt útsýni yfir Hörpu og Reykjavík. Aukaherbergi með sérbaðherbergi og sér bílastæði í kjallara.

📍 Íbúð 312, Reykjastræti 5
4 herb. 146m², Verð: 149 m.



Fengsælasti togarinn verður gistiheimili fyrir vísindamenn

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÚTGERÐ Skipaþjónustan hefur keypt aflamesta togara aldarinnar, Kleifaberg, og stefnir á að gera hann að gistiheimili fyrir ástralska vísindamenn á Grænlandi. Samkvæmt Ægi Erni Valgeirssyni, eiganda Skipaþjónustunnar, þarf ekki að gera miklar breytingar á skipinu.

„Þetta er bara svo gott skip,“ segir Ægir aðspurður um valið á Kleifabergi. „Það hentar mjög vel í það

sem við erum að gera.“ Togarinn getur hýst 28 manns.

Kleifaberg hét áður Engey og var smíðað í Póllandi árið 1974. Skipið var í eigu Granda til 1998 er Þormóður rammi á Ólafsfirði keypti það. Útgerðarfélag Reykjavíkur keypti Kleifaberg 2007 og seldi Skipaþjónustunni fyrir stuttu. Kleifaberg hefur veitt yfir 10 þúsund tonn á ári frá 2013 og 168 þúsund tonn frá aldamótum, það mesta á landinu.



Aflaverðmæti skipsins á öldinni eru um 60 milljarðar króna.



Þetta er bara svo gott skip.

Ægir Örn Valgeirsson, eigandi Skipaþjónustunnar

Ægir segir að kaupverðið verði ekki gefið upp. „Kaupandi og seljandi voru báðir sáttir,“ segir hann.

Skipaþjónustan þjónustaði vísindamennina fyrst í fyrra. Þeir stunda rannsóknir á jarðvegi og jöklum Grænlands. Skipinu er lagt við ströndina og fært milli staða.

„Það eru ekki hafnir eða gistiheimili eða neitt á þessum svæðum,“ segir Ægir. Óvíst sé hversu lengi þessar rannsóknir standi yfir. ■

Geta hlaðið bíla í áskriftarkerfi

benediktboas@frettabladid.is

SAMGÖNGUR „Við höfum fundið fyrir því að viðskiptavinum okkar hefur þótt dýrt og flókið að kaupa og láta setja upp hleðslubúnað fyrir rafbíla,“ segir Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastýra ON, sem kynnti í gær heimahleðslustöðvar í áskriftarþjónustu.

Húsfélög geta til dæmis samnýtt hleðslustöðvar og þannig deilt áskriftargjaldinu. „Hver og einn greiðir fyrir sína hleðslu með lykkinum og því auðvelt að fylgjast með notkun,“ segir Berglind. ■



Gylfi Sigurðsson á Laugardalsvelli.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ríkið ákveði með þjóðarleikvang

benediktboas@frettabladid.is

ÍPRÓTTIR Guðni Bergsson, formaður KSÍ, skorar á ríki og borg að taka ákvörðun um nýjan þjóðarleikvang. „Það er einfaldlega tímabært að taka ákvörðun í þessu máli og fyrir stjórnvöld að taka nauðsynlega ábyrgð á uppbyggingu mannvirkja svo að íþróttalíf okkar, sem hefur gefið samfélaginu svo mikið, dragist ekki langt aftur úr öðrum þjóðum,“ bókaði Guðni í stjórn KSÍ. ■

Hert á vörnum Schengen-svæðisins

Frekari eftirlitskerfi á landamærum og tvöföldun landamæravarða eru meðal þeirra aðgerða sem Evrópusambandið tilkynnti á miðvikudag vegna Schengen-samstarfsins. Samstarfið hefur beðið hnekkni í faraldrinum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

UTANRÍKISMÁL Ursula Von Der Leyen, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, tilkynnti breytingar á vörnum Schengen-svæðisins á miðvikudag. Með hertum vörnum væri hægt að treysta betur á frjálsa flutninga fólks og varnings innan svæðisins.

Í Schengen-samstarfinu, sem stofnað var árið 1995, eru 22 af 27 ríkjum ESB auk allra fjögurra EFTA-ríkjanna. Gengur það út á samstarf í löggæslu og landamæraeftirliti og íbúar þurfa ekki að sýna vegabréf þegar þeir ferðast innan svæðisins.

Breytingarnar nú lúta meðal annars að því að innleiða frekari vöktunarbúnað með einstaklingum sem koma inn á svæðið, svo sem hversu lengi þeir eru inni á svæðinu. Þá verður sú upplýsingaskylda sem flugfélög hafa um farþega sem koma utan Schengen-svæðisins útfærð á flugferðir innan svæðisins, svokallað API-kerfi. Einnig verður fjöldi landamæravarða Frontex, landamæraeftirlits ESB, tvöfaldaður á næstu sex árum, úr 5 í 10 þúsund manns.

Schengen-samstarfið gekk í gegnum mikla krísu árið 2015 vegna gríðarlegs flóttamannastraums frá Sílandi, Írak og Afganistan. Í upphafi faraldursins reið önnur krísa yfir og ríki ákváðu upp á sitt eisdæmi að loka landamærum eða taka upp hert eftirlit og hafa þau verið að slaka á þessu eftirliti án mikils samráðs.

Í Markaðinum á miðvikudag



Johansson sagði neyðarhema mikilvæga en þeir ættu að vera síðasta úrræðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Þegar ógn steðjar að öllum ríkjunum en þau bregðast við á mismunandi hátt veldur það vandamálum og við þurfum að takast á við þau.

Ylva Johansson, forstjóri innanríkismála ESB

sagði Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir iðnaðar-, nýsköpunar- og ferðamálaráðherra að leikreglur Schengen hafi farið fyrir lítið í faraldrinum. Ákvörðun Íslendinga um að opna landið fyrir bólusettum ferðamönnum utan Schengen hafi verið tekin einhliða og án samráðs við Schengen.

Á kynningu ESB á breytingunum á Schengen sagði Ylva Johansson, forstjóri innanríkismála, mikilvægt að ríki gætu enn þá haft neyðarhema þegar hætta steðjaði að. En að þeir neyðarhemlar yrðu að vera tímabundnir. „Slíkar aðgerðir eiga að vera síðasta úrræðið,“ sagði hún

og minnst á faraldurinn, sem sé ógn við öll Schengen-ríkin. „Þegar ógn steðjar að öllum ríkjunum en þau bregðast við á mismunandi hátt veldur það vandamálum og við þurfum að takast á við þau.“

Við kynninguna lýstu forsvarsmenn framkvæmdastjórnarinnar sig einnig fylgjandi því að taka þrjú ný ríki inn í Schengen-samstarfið. Það er Rúmeníu, Búlgaríu og Króatíu, sem öll hafa skrifað undir viljafyrirlysingu um að ganga í það fyrir meira en áratug. Ítrekað var þó á kynningunni að það væri á valdi aðildarríkjanna að hleypa ríkjunum þremur inn. ■



SONAX
MADE IN GERMANY

**DEKRAÐU VIÐ
BÍLINN MEÐ SONAX**

www.sonax.is

GRILL HAMBORGARINN

ISLENSKT
30%
FITA
NAUTAKJÖT

20%
afsláttur



Guy Fieri, sérfræðingur í BBQ sósum

899 kr/stk



ISLANDS
NAUT
Stóð kjötsúðun

Grill hamborgarinn
2 x 130 g

599 kr/pk

Verð áður 749 kr/pk

Vegan
valmöguleiki



Beyond Meat Burger
2 x 113 g

879 kr/pk

Tilboð gilda út 6. júní



20%
afsláttur

KJARNAFÆÐI

Villikryddað lamba sirloin

1.839 kr/kg

Verð áður 2.299 kr/kg



20%
afsláttur

Holla

Grillbringur
Spicy Lemon, Black Garlic

2.159 kr/kg

Verð áður 2.699 kr/kg



10%
afsláttur

Ali

Babyback rif

1.709 kr/kg

Verð áður 1.899 kr/kg

NÝTT



Sumarkropp með
bananabragði

549 kr/pk

NÝTT



Bríódejaneiro
Áfengislaus sumarbjór

339 kr/stk



Meðlæti í álbakka.
Tilbúið beint á grillið

Verð frá 479 kr/pk

HAGKAUP

Höfnuðu beiðni um samfélagslegt gróðurhús á Egilsstöðum

kristinnpall@frettabladid.is

EGILSSTADIR Umhverfis- og framkvæmdaráð Múlaþings synjaði beiðni Kristínar Amalíu Atladóttur um að gróðurhúsi á Egilsstöðum yrði breytt í samfélagslegt gróðurhús þar sem íbúar bæjarins gætu leigt sér reit og ræktað grænmeti.

Í bókuninni kemur fram að byggingin, sem er við Heilbrigðisstofnun Austurlands, sé í notkun og því sé ekki hægt að verða við erindinu.

„Þetta er 360 fermetra gróðurhús sem er að stórum hluta ónotað og á lóð sem væri hægt að nota til ræktunar. Beiðni mín snerist um að þetta yrði nýtt sem gróðurhús fyrir allt samfélagið. Þetta er samtengt lóð hjúkrunarheimilisins og gæti með því nýst bæði til ræktunar og sem aðstaða fyrir íbúa hjúkrunarheimilisins, skólann og aðra íbúa til að fá pláss. Með því yrði þetta samfélagslegt verkefni sem myndi vera rekið á þeim tekjum sem fást



Kristín Amalía Atladóttir.

með leigu á reitum,“ segir Kristín, aðspurð út í umsókn sína.

„Samkvæmt hugmyndinni sem ég lagði til yrði hjúkrunarheimilinu úthlutað ákveðnu plássi, skólinn fengi ákveðið pláss og svo væri hægt að leigja pláss sem kæmi til með að borga reksturinn, rafmagn og slikt.“

Hugmyndin virðist þó hafa heillað nefndina því Kristín var hvött til þess að halda áfram að vinna að verkefninu. Sveitarfélagið gæti kannski veitt aðstoð.

„Þetta hefði verið spennandi möguleiki fyrir hjúkrunarheimilið, að bjóða fólki sem hefur upplifað ákveðið aðgerðarleysi undanfarna mánuði möguleikann á því að hefja ræktun,“ segir Kristín.

Um leið segir Kristín jafnvel þörf fyrir slikt í skólakerfinu, að börn geti fengið verklega kennslu í náttúrufræði og um leið reynt að gróðursetja.

„Með því mætti lækka mötuneytiskostnaðinn,“ segir Kristín. ■



Mark Gaetz hefur áður verið sakaður um barnanið og mansal.

Talinn hafa staðið í vegi réttvísinnar

thorgrimur@frettabladid.is

BANDARÍKIN Alríkissaksóknarar í Bandaríkjunum rannsaka nú hvort fulltrúadeildarþingmaðurinn Mark Gaetz hafi hindrað framgang réttvísinnar. Gaetz er sakaður um barnanið og aðild að mansali.

Í Politico er haft eftir tveimur ónafngreindum heimildarmönnum að nýja ásökunin byggji á símtali Gaetz við eitt af vitnunum í málinu. Vitnið hafi síðar greint saksóknurum frá símtalinu. „Gaetz þingmaður framfylgir réttlæti, hann hindrar það ekki,“ sagði talsmaður Gaetz. ■

Súdanir minnst fjöldamorða

thorgrimur@frettabladid.is

SÚDAN Súdanir minnstust þess í Kartum í gær að tvö ár eru frá fjöldamorðum öryggissveita á mótmælendum 3. júní 2019. Morðin voru framin stuttu eftir að einræðisherrann Omar al-Bashir var hrakinn frá völdum en Súdanir höfðu haldið áfram að mótmæla til að krefjast þess að herstjórn landsins víki.

Samkvæmt Aljazeera telja skipuleggjendur mótmælanna að lögreglan hafi drepið að minnsta kosti 128 manns. Nú krefjast mótmælendur réttlætis fyrir hina látnu. ■

Eftirsóttasti útfarartíminn felldur út vegna þess að vinnuvikan var styt

Kirkjugarðar Reykjavíkur hafa innleitt styttingu vinnuvikunnar eftir hádegi á föstudögum, vinsælasta útfarardeginum. Prestar og útfararstjórar segja ekkert samráð hafa verið og eru ósátt við þjónustuskerðinguna.

lovisa@frettabladid.is

VINNUMARKAÐSMÁL Prestar og útfararstjórar segja vinnutímastyttingu eftir hádegi á föstudögum, sem innleidd var nýverið í kirkjugörðum Reykjavíkur, mikla þjónustuskerðingu og gagnrýna að ekkert samráð hafi verið haft við stéttirnar áður en innleiðingin tók gildi.

Að sögn Þórsteins Ragnarssonar, forstjóra Kirkjugarða prófastsdæmanna, var skoðað að fara aðra leið en það hafi verið „eindreginn“ vilji starfsmanna að fara þessa leið.

Eftir breytingu eru engar útfarir með jarðsetningu eftir hádegi á föstudögum heldur er aðeins í boði að vera með bæði útför og jarðsetningu ef athöfnin hefst klukkan 10. Engin breyting er hins vegar á bálforum því kistan er ávallt flutt í líkhús eftir útför og kistan brennd í vikunni á eftir eða þarnæstu viku.

„Þannig hefur það verið í mörg ár,“ segir Þórsteinn í svari til Fréttablaðsins.

Í gögnum sem Þórsteinn sendi kemur fram að árið 2020 voru 29 prósent útfara á föstudögum og 28 prósent bálfara, sem er langhæsta hlutfallið, en hlutfall hinna vikudaganna er frá 14 til 19 prósent, bæði þegar lítið er til útfara með jarðsetningu og bálfara.

Alls voru útfarir í Reykjavík 503 í fyrra, fjöldi þeirra á föstudögum voru 150 og telur Þórsteinn að þeim hafi verið hægt að skipta jafnt á milli þeirra tíma sem voru í boði,



Af 503 útförum í Reykjavík í fyrra voru 150 á föstudögum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

en það er 11, 13 og 15. Þá snúist þetta í raun um 100 útfarir sem þurfi að rada á aðra daga.

Að sögn Þórsteins var haft samband við bæði presta og útfararstjóra og segir hann aðeins fjóra presta hafa sent inn kvörtun vegna fyrirkomulagsins, enginn annar hafi gagnrýnt það.

„Við vorum ekki hafðir með í ráðum með þessar breytingar. Það var ekki talað við útfararstjóra og það hefði verið eðlilegt að halda fundi með þeim sem vinna við þetta. En það er kannski lítið á þetta sem innanhússmál hjá kirkjugörðunum. Þau sögðu að þau hefði prófað aðrar aðferðir en við fengum bara bréf um að þessu væri komið á, með mánaðarfyrirvara,“ segir Rúnar Geirmundsson, formaður Félags íslenskra útfararstjóra.

Rúnar segir að samskiptin við kirkjugarðana hafi lengi verið þannig að lítið sem ekkert samráð sé haft við félag útfararstjóra eða útfararstjóra almennt um tilhögun útfara.

Jóna Hrönn Bolladóttir, sóknarprestur í Garðabæ, segir að þau sem starfi við útfararþjónustu þurfi að vanda sig og vera í góðu samstarfi. Hún segist ekkert hafa á móti styttingu vinnuvikunnar en telur að það verði að gæta þess að styttingin skerði ekki þjónustu.

Jóna Hrönn telur að betra hefði verið að vinna lyki seinna á föstudegi eða að nýta mánudaginn í styttinguna, en það er eini frídagur stórs hóps þeirra sem sinna útfararþjónustu, eins og presta, organista og kirkjuvarða.

„Það hefði verið hægt að stytta vinnuvikuna með því að sleppa



Það hefði verið hægt að stytta vinnuvikuna með því að sleppa útförum í Fossvogskirkju klukkan 15 á föstudögum og jarðsetningu í kirkjugörðunum á forsendum þess hvað er mikil umferð.



Jóna Hrönn Bolladóttir, sóknarprestur í Garðabæ

útförum í Fossvogskirkju klukkan 15 á föstudögum og jarðsetningu í kirkjugörðunum á forsendum þess hvað er mikil umferð og erfitt að komast um borgina,“ segir Jóna Hrönn.

Að sögn Jónu Hrannar veldur þetta kollegum hennar áhyggjum, til dæmis í Mosfellsbæ og Garðabæ, þar sem eru kirkjugarðar en vinnutímastytting hefur ekki verið innleidd á föstudegi.

„Ég finn þetta vel í mínu prestakalli. Hér er fólk nú þegar farið að finna fyrir auknu álagi,“ segir Jóna Hrönn. Hún undirstrikar að nú þurfi að endurskoða þessa ákvörðun með tilliti til syrgjenda auk allra annarra sem veiti þessa þjónustu. ■

Nánar á frettabladid.is

Mikið úrval af HVÍLDARSTÓLUM með og án rafmagns lyftibúnaði



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Vilja bæta þjónustu við sjósundsfólk

benediktboas@frettabladid.is

HEILSA Umhverfis- og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar hefur fengið það verkefni að gera aðstöðu til sjósunds í tengslum við Sundhöll Hafnarfjarðar. Helga Ingólfsdóttir, bæjarfulltrúi og formaður ráðsins, segir að vilji sé til að bæta þjónustu við sístækkandi hóp fólks sem stundar sjósund.

„Fyrsta skrefið verður að mæla gæði sjávar. Það er fráveita nokkuð nálægt þannig við ætlum að mæla gæðin, kanna strauma, botnlag og auðvitað öryggismál,“ segir Helga.

Hún gengur oft um Herjólfsgötu og hittir þar reglulega fólk í sloopum sem er á leið út í sjó sér til heilsuþótar. Sannkallað sjósundsæði hefur gripið landann og er Hafnarfjörður engin undantekn-



Við Herjólfsgötu er aðstaða til sjósunds frábær en bærinn skoðar nú hvernig hægt sé að bæta þjónustuna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

ing en við götuna er frábær staður til að dýfa sér örstutt ofan í. „Það er mikill áhugi á sjósundi og við erum jákvæð fyrir því að bæta þjónustuna fyrir þennan hóp.“

Skammt frá sundhöllinni er góð sandfjara og ferskvatnussupprett

stutt frá þannig að kunnugir segja mér að þarna séu líkur á að gæði sjávarins séu góð. Við erum ekkert að hugsa um nein risamannvirki en viljum gjarnan skoða hvernig sé hægt að bæta þjónustuna,“ segir Helga. ■

„Þetta er allt hægt
— kæru vinir, það þarf bara
að framkvæma hlutina“

1993-1997 –
Formaður SUS

1993-1997 –
Í framkv.stj. Sjálfstæðisflokksins

1998-2006 –
Í borgarstjórn Reykjavíkur

2003-2021 –
Alþingismaður
Reykjavíkurborgardæmis

2016-2017 –
Formaður þingflokks
Sjálfstæðismanna

1997-1998
Framkvæmdastjóri Fíns miðils

1998-1999
Í stjórn knattspyrnud. Vals

2003-2007
Formaður Fjölnis

2007-2009
Heilbrigðisráðherra

2017
Utanríkisráðherra

KJÖRSTAÐIR

- Valhöll, Háaleitisbraut 1
- Hótel Sögu, Hagatorgi
- Félagsh, Sjálfstæðisfélagsins í Árbæ, Hraunbæ 102b
- Félagsh, Sjálfstæðisfélaganna í Breiðholti, Álfabakka 14a (Mjódd)
- Félagsh, Sjálfstæðisfélagsins í Grafarvogi, Hverafold 1-3 (2. hæð)

ÓPIÐ FÖS 11-18 - LAU 10-18



KJÓSUM REYNSLU

WWW.GUDLAUGURTHOR.IS

Af sem áður var



Hörður Ágísson
hordur
@frettabladid.is

Önnun landamæraanna fyrir bólusettingu ferðamönnum utan Schengen, án þess að þeim væri gert að undirgangast sóttkví, hefur reynt ein stærsta efnahagsaðgerð stjórnvalda. Áhyggjur sumra þegar sú ákvörðun var tekin í mars, sem var pólitískt umdeild og sögð auka verulegar líkur á nýrri bylgu faraldursins innanlands, hafa ekki raungerst. Sóttvarnarökinn fyrir því að mismuna bólusettingu ferðamönnum á grundvelli ríkisfangs, hvort sem þeir kæmu frá Þýskalandi eða Bandaríkjunum, stóðust heldur aldrei neina skoðun, eins og Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ferðamálaráðherra nefndi í viðtali við Markaðinn í vikunni. Ekki þarf að fjölyrða um efnahagslegu áhrifin af því að hafa veitt ferðaþjónustunni líflínu fyrr en ella hefði orðið. Við sjáum þau meðal annars birtast í þeirri staðreynd að fjöldi fólks er nú gert kleift að snúa til baka á vinnumarkaðinn. Ráðningar Ícelandair að undanförunu á um 800 manns eru þar aðeins eitt dæmi um.

Halda mætti að allir myndu sjá ástæðu til að fagna því sérstaklega að okkar stærsta gjaldeyris-skapandi atvinnugrein – að minnsta kosti fyrir upphaf farsóttarinnar – sé að ná vopnum sínum á ný. Svo virðist ekki vera. Eftir að hafa síðustu vikur beint spjótum sínum að Play, með því að hvetja alla landsmenn og fjárfesta til að sniðganga hið verðandi flugfélag, telur forystufólk verkalyðshreyfingarinnar, sem lagðist vitaskuld gegn tilslökunum við landamærin fyrr á árinu, nú rétt að leggja til atögu við greinina í heild sinni. Í fjölmiðlum í gær sögðust þau hafa „áhyggjur af endurreisn ferðaþjónustunnar“, þar sem hún fari af stað á verri grunni fyrir launafólk en áður, og einsýnt sé að umfangsmikil brotastarfsemi fyrirtækja muni nú hefjast að nýju – nánast eins og það sé regla fremur en undantekning.

Þetta er dæmalaus málflytningur, einkum þegar ljóst er að atvinnuleysið mun ekki taka að minnka að neinu ráði fyrr en ferðaþjónustan kemst í eðlilegt horf. Sú staðreynd er hins vegar af einhverjum ástæðum ekki mjög ofarlega í huga verkalyðshreyfingarinnar. Enginn gerir lítið úr þeim tilfellum þegar atvinnurekendur eru uppvísir að því að gerast brotlegir gagnvart launafólki, sem öll tölfraði sýnir að er afar fátítt, en það er öllu alvarlegra þegar haldið er uppi linnulausum áróðri – byggt á engum haldberum gögnum – sem virðist hafa það eitt að markmiði að þjófkenna sem flesta fyrirtækjaeigendur í heilli atvinnugrein.

Sögulega séð hefur íslensk verkalyðshreyfing lagt höfuðáherslu á mikilvægi atvinnuuppbyggingar og sköpun nýrra starfa fyrir sína félagsmenn. Það er af sem áður var. Núna er þessum valdamiklu samtökum stýrt af fólki, sem best er lýst sem ábyrgðarlausum skæruliðum, sem hefur jafnan það eitt til málanna að leggja að krefjast launahækkana margfaldra á við það sem þekktist í okkar nágrannaríkjum – óháð aðstæðum í hagkerfinu hverju sinni – og hærri bótageiðslu. Við núverandi aðstæður, þar sem stór hópur hefur verið án atvinnu um langt skeið, margt hvert ungt fólk, er hættu á að margir missi móðinn og endi sem bótaþegar um alla ævi. Því fylgir mikil soun fyrir allt samfélagið. Þeir sem ráða för á vinnumarkaði þurfa þess vegna að rísa undir þeirri ábyrgð í stað þess að dæma sig itrekað úr leik í vitrænni umræðu um íslenskt atvinnulíf. ■

Halda mætti að allir myndu sjá ástæðu til að fagna því að okkar stærsta gjaldeyris-skapandi atvinnugrein sé að taka við sér. Svo virðist ekki vera.

Halldór



Frá degi til dags

toti@frettabladid.is

Helgi á heimavelli

Helgi Seljan stígur brattur úr Samherjabrællunni í opnuviðtali við Sjómannaáskjal Austurgluggans sem kom út í gær enda á heimavelli eftir að hafa alist upp á Reyðarfirði. Riflega helmingur viðtalsins snýst að vonum um Samherja og Helgi upplýsir að fyrsti togarinn sem hann var á hafi sokkið við Namibíu. Þá ræðir Helgi einnig störf sín á Austurglugganum samhliða vinnu á DV þegar taugar voru víða svoltið þandar í kringum umdeilt fjölmiðlafrumvarp Davíðs Oddssonar, þáverandi forsætisráðherra.

Gæskur og Geir minn

Helgi náði þá tali af Geir Haarde, á ferð fyrir austan, sem sagðist ekki telja forsetann geta beitt neitunarvaldi í málinu. Ummælin birti Helgi síðan í DV daginn eftir „með vísan í Austurgluggann sem kæmi ekki út fyrr en degi síðar“. Helgi bætir við að Geir hafi verið heldur æstur í málrómmum þegar hann hringdi vegna birtingarinnar og hvæsti: „Ekki kalla mig Geir minn...“ þegar Helgi ávarpaði hann. Fjármálaráðherrann róaðist síðan enda ekkert rangt eftir haft en Helga fannst „augljóst að reiðin yfir því hvar ummælin birtust stöfuðu annars staðar frá en viðmælanda mínum í þessu samtali.“ ■

Herra Ómögulegur og heilbrigðiskerfið



Þórunn Sveinbjarnardóttir
fv. formaður
BHM og leiðir
framboðlista Samfylkingarinnar í
Suðvesturkjördæmi.

Hafið er túlkunarstríð um niðurstöður könnunar sem Rúnar Vilhjálmsson, prófessor við HÍ, gerði fyrir BSRB og birtar voru á dögunum. Í Mogganum er talað um misnotkun á hlutverki stéttarféлага og forystumenn Læknafélags Reykjavíkur grípa til samlíkingar úr barnabókmenntum og minna þá helst sjálfir á andhetjuna góðu, Herra Ómögulegan.

Staðreyndirnar tala sínu máli: Átta af hverjum tíu vilja að hið opinbera reki sjúkrahúsin, sjö af hverjum tíu að það reki heilsugæsluna og sex af hverjum tíu að hjúkrunarheimilin séu rekin af hinu opinbera. Mörg eru fylgjandi blöndun opinbers og einkarekstrar í þjónustu tannlækna, sjúkrahjálfa og sálfræðinga enda hefur sú þjónusta fest sig í sessi þó enn eigi eftir að fjármagna niðurgreiðslu hins opinbera á þjónustu sálfræðinga.

Ekki fer á milli mála í niðurstöðunum hve lítill hluti þjóðarinnar vill að heilbrigðisþjónustan sé alfarið í höndum einkaaðila. Það eru afgerandi og skýrar niðurstöður.

Stefna Samfylkingarinnar í heilbrigðismálum er skýr og í takt við vilja þjóðarinnar. Opinber rekstur heilbrigðiskerfisins er kjölfesta kerfisins. Lykillinn að góðri og árangursríkri heilbrigðisþjónustu er að gengi að henni sé ekki háð efnahag fólks eða búsetu og gjaldtöku verður að halda í lágmarki.

Árið 2019 var 8,8% af vergri landsframleiðslu hér á landi varið til heilbrigðisþjónustu. Það er minna hlutfall en á öllum Norðurlöndunum og í Bretlandi. Eins og aðrar rannsóknir sýna þá kalla bætt heilbrigðisþjónusta og forvarnir á aukin útgjöld til skamms tíma en sparar stórar upphæðir í betri lýðheilsu til langs tíma.

Höfum í huga að þótt einkarekstur geti átt heima á ákveðnum sviðum heilbrigðisþjónustu dregur hann ekki úr heildarkostnaði hins opinbera við að halda úti öflugri heilbrigðiskerfi án tillits til efnahags. Niðurstöður könnunarinnar sem var framkvæmd fyrir BSRB sýna svo ekki verður um villst að vilji almennings og stefna Samfylkingarinnar fara saman. ■

Ekki fer á milli mála í niðurstöðunum hve lítill hluti þjóðarinnar vill að heilbrigðisþjónustan sé alfarið í höndum einkaaðila.

VELDU GÆÐI!

3 TEGUNDIR AF SÚRDEIGSBRAUÐUM

BJÖRNSBAKARI
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
www.bjornsbakari.is

Samherji

■ Í dag



Guðmundur Steingrímsson

Ég hugsa að alla tíð hafi mannlíf verið þeim annmörkum háð, að fólk með völd og peninga hefur getað sett sín eigin siðferðismælikvarða, hagað sér eins og því sýnist á kostnað annarra og látið alls konar almennar leikreglur almúgans sig litlu skipta. Um þannig háttalag eru alls konar heimildir. Mannkynssagan geymir urmul dæma. Það breytir ekki hinu, að sem þegn í rötgrónu lýðræðisríki á 21. öld hefur maður haft ríka tilhneigingu til að halda að mannlíf hafi þróast til betri vegar hvað þetta varðar, að meira jafnræði ríkti milli fólks, að peningaliði væri haldið betur í skefjum og að lög og reglur væru í hávegum höfð af öllum, sama hvaða tekjuflokki fólk tilheyrði eða hversu mörgum fyrirtækjum það stjórnaði. Mun fleiri geta jú grillað og grætt eins og þjóðfélagið er orðið, keypt sér heitan pott og farið til útlanda.

Almennari velmegun hefur líklega leitt til vissrar bjartsýnisblekkingar, um að þjóðfélagið sé orðið að réttlátari leikvelli þar sem hið sama skuli gilda um alla sem spila. Alltaf er það jafn niðurdrepani að uppgötva hvað við Íslendingar hökkum sífellt í sama farinu þegar kemur að völdum og peningum. Góð rök benda til að Íslendingum hafi alltaf verið stjórnað af peningaliði. Stórbændur réðu einu sinni, svo stórkaupmenn og nú síðustu áratuginna hafa sjávarútvegsfyrir-

tæki haft töglin og hagldirnar. Þó svo auðvelt sé að sniðganga áhrif slíkra fyrirtækja dags daglega – búi maður ekki í litlu byggðarlagi úti á landi – og láta þau sig litlu skipta – og langflest eru þau vissulega þrýðileg og vel rekin, metnaðarfull fyrirtæki – að þá gýs hinn undirliggjandi sannleikur alltaf upp á yfirborðið með reglulegu millibili: Ógni þjóðfélagsleg viðmið, lög, reglur, almenn háttvísi og góðir viðskiptahættir markmiði stórs sjávarútvegsfyrirtækis, þá ræður sjávarútvegsfyrirtækið. Þetta lögmál virðist hoggjóð í stein í stjórnkerfinu. Kjósi slíkt fyrirtæki að haga sér eins og skepna – múta, ógna og njósna – er viðkvæðið einfalt: Þá það.

Ein stærsta þversögn okkar tíma er þessi: Fólk, almennt, keppist við að vera besta útgáfan af sjálfu sér, eins og það er kallað. Reynt er með byltingum á samfélagsmiðlum að opna augu fólks fyrir mikilvægi góðra samskipta, þar sem enginn veður yfir annan eða beitir annan ofbeldi. Samfélagsleg vitund um mikilvægi háttvísinnar hefur líklega sjaldan verið meiri. Fólk um allar köppagrundir reynir nú eftir fremsta megni að vanda sig, og þótt sumum auðnist það illa og öðrum vel, er boðorðið almennt viðurkennt og einkennir mjög okkar tíma: Ekki vera fáviti.

Um leið og þetta á sér stað, og hér er þversögnin, hefur hins vegar mýrgrútur fólks – einkum og sér í lagi valda- og peningafólk

”

Alltaf er það jafn niðurdrepani að uppgötva hvað við Íslendingar hökkum sífellt í sama farinu þegar kemur að völdum og peningum.

– komist að þeirri niðurstöðu að áhættan sem fylgir því að haga sér eins og fáviti er eiginlega engin, sé maður í réttir aðstöðu. Það er hægt að komast upp með hvað sem er. Hvernig þú hagar þér – hafirðu völd og fé – skiptir nánast engu. Að ljúga, svíkja, hóta, múta og kúga er allt eitthvað sem mjög einfaldlega er hægt að snúa sér í hag, hafi maður aðgang að samfélagsmiðli og stjórnmalaflokki. Svona háttsemi, sem mjög hefur rutt sér til rúms í vel flestum þjóðfélögum á undanförunum árum, felur því miður í sér átakanlegan spegil á þjóðfélögin sjálf og þegna þeirra. Of margir eru samdauna, aðrir eru

haldnir aðáun á hátterninu, enn aðrir trúa lygunum og hinir reiðu eru tvístraðir og ráðalausir.

Í svona umhverfi er hægt að spila marga leiki. Sitji maður á milljörðum og vill ólmur eignast fleiri, er rökrétt að firrtur mannhugur komist að þeirri niðurstöðu að rétt sé að setja á stofn skæruliðadeild hafi maður orðið uppvís að siðleysi og lögleysu. Að rétt sé að herja á sendibodana, fara með róg á hendur samborgurum sínum, viðurkenna ekkert rangt og biðjast afsökunar með lögspökilegum semingi sé farið yfir strikið.

Hvað er til ráða? Jú, að minnsta kosti tvennt þarf að gerast. Forsvarsmenn svona fyrirtækja þurfa að horfa á kvikmyndina Do the right thing eftir Spike Lee og draga af henni – þó ekki væri nema einungis með því að ihuga titilinn um stundarsakir – þann lærdóm að í lífinu öllu, sérstaklega eigi maður peninga, ber fólki sú skylda að reyna eftir fremsta megni að gera veröldina betri, en ekki verri. Þetta gildir alltaf, í öllum kringumstæðum. Hitt er svo þetta: Að við sem byggjum þetta land og þurfum að horfa upp á svona aðfarir hvað eftir annað – yfirlæti, hroka, skæting, siðleysi – notum tækifærið í næstu kosningum og kjósum burt hverja þá sem á einhvern hátt finnst svona dónaskapur við þjóðina, eins og við höfum orðið vitni að undanfarið, í lagi. ■

Stjórnmal skipta máli

„Stjórnmal eiga að standa vörð um frelsi fólks og láta yfirvegum og heildarhagsmunum ráða ferðinni.“

Hildur Sverris dóttir

3.–4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Byggjum framtíðina á reynslu



Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkis- og þróunarsamvinnu-
málaráðherra.


Gæfa Sjálfstæðisflokksins hefur verið að hann höfðar til breiðs hóps fólks, hins almenna kjósenda sem í gegnum tíðina hefur trúað á frelsi einstaklingsins til orða og athafna og samfélag sem hjálpar þeim sem minna mega sín. Um þessar mundir erum við Sjálfstæðismenn að efla og móta þessa breiðfylkingu til framtíðar. Þar byggjum við á sterkum grunni þess fólks sem fyrst stóð í stafni flokks sem æ síðan hefur kennt sig við sjálfstæðið, bæði sjálfstæði landsins og þjóðarinnar.

Sótt í reynslubanka kjósenda

Sagt er að stjórnmaðlamenn þurfi að endurspeglar hinn almenna kjósenda, vera fulltrúi hans og geta um leið sett sig í spor hans. Við stjórnmaðlamenn höfum vissulega uppi ýmsar hugmyndir um hvað betur megi fara í ýmsum málaflokkum sem við viljum beita okkur fyrir. Ég hef frá mínum fyrstu skrefum í starfi Sjálfstæðisflokksins lagt mig fram um að vinna að baráttumálum flokksmanna í anda sjálfstæðisstefnunnar, enda hafa þau stefnumál skilað stórkostlegum framförum og bættum lífskjörum fyrir alla Íslendinga. Þessi hugmyndafræði hreif mig strax og ég tala fyrir henni hvar og hvenær sem færi gefst.

Mikilvægi frjálsslyndrar stefnu

Þegar við svo horfum yfir stjórnmalasviðið og helstu málefni á undanförunum árum má enn á ný sjá mikilvægi þess að sterkur Sjálfstæðisflokkur sé í forystu íslenskra stjórnmála. Aftur og aftur er maður minntur á mikilvægi þess að góð og gild frjálsslynd hægri stefna sé leiðandi á öllum sviðum mannlífsins, hvort sem er félagslegum eða efnahagslegum.



Þekkt markmið

Á síðustu misserum höfum við þurft að bregðast við allövenjulegum aðstæðum, afleiðingum heimsfaraldurs sem nú loks er farið að sjá fyrir endann á. Sem þjóð höfum við þétt raðirnar og rutt úr vegi hindrunum með okkar klassísku þrautseigju og staðfestu að vopni. Viðbrögð stjórnvalda hafa meðal annars kallað á veruleg fjáruútlát ríkissjóðs. Hafa má á því mismunandi skoðanir hvernig til hefur tekist en það má ætla að það verði hlutskipti okkar Sjálfstæðismanna, eins og jafnan áður, að koma efnahagslífinu aftur af stað. Ég dreg ekki dul á mikilvægi þess að við þurfum að vera leiðandi í næstu ríkisstjórn til að þessum málaflokki sé sinnt af skynsemi. Og það er vel fram-

kvæmanlegt. Við Sjálfstæðismenn höfum í förum okkar úrræði sem virka, úrræði sem við þekkjum frá hinum frjálsa markaði.

Stytttri biðlistar

Ég tókst á við rekstrarvanda í heilbrigðismálum á sínum tíma og á meðan mér var sagt að ekki væri hægt að breyta hlutunum tókst mér bæði að stytta biðlistana og lækka lyfjakostnað. Ég hikaði heldur ekki við að auka fjölbreytni í heilbrigðisþjónustu og nýta ólík rekstrarform. Á tíma mínum í stóli utanríkisráðherra hef ég dregið úr kostnaði við utanríkisþjónustuna og dregið úr óþarfa umfangi hins opinbera, til dæmis með fækkun sendiherra og aukinni skilvirkni. Um leið tókst okkur að gera utanríkisþjónustuna



Minnt stjórnmaðlaferill hefur byggst á samskiptum við kjósendur, fólkið í Sjálfstæðisfélögunum í hverfum borgarinnar og raunar um land allt.

faglegri. Enginn dregur í efa árangur okkar í alþjóðlegu samstarfi svo sem á sviði mannréttindamála og hvað varðar málefni norðurslóða. Þar höfum við sýnt að við Íslendingar getum haft raunveruleg áhrif í alþjóðamálum.

Einn af ykkur

Minnt stjórnmaðlaferill hefur byggst á samskiptum við kjósendur, fólkið í Sjálfstæðisfélögunum í hverfum borgarinnar og raunar um land allt. Ég veit hversu mikilvæg grasrót og almennt flokksstarf er lýðræðinu. Ég fór sjálfur í gegnum slíkt starf og ég veit hversu mikilvægt framlag hvers og eins er til að vel til takist.

Ég hvet Reykvikinga til að taka þátt í að setja saman sigurstranglegan framboðslista til Alþingis í haust, sem samanstendur af öflugum fólki sem hefur það hlutverk að byggja áfram upp þetta samfélag. Ég vil leiða þann hóp. Ég er þakklátur fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt til þessa og ég hyggst áfram standa undir því trausti. Ég býð fram reynslu og skýra framtíðarsýn í anda sjálfstæðisstefnunnar. ■

Snúum vörn í sókn




Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir
dómsmálaráðherra.

Fram undan er tími uppbyggingar. Sameinuð þurfum við að leysa úr flóknum úrlausnarefnum sem við stöndum frammi fyrir eftir heimsfaraldurinn. Með skjótum viðbrögðum og vel útfærðum aðgerðum hefur okkur tekist að styðja vel við heimili og fyrirtæki. Nú er kominn tími til að sækja fram og við þurfum að vanda vel næstu skref.

Í nýrri spá OECD, sem birt var í vikunni, kemur fram að ekkert þróað ríki verði jafn lengi að endurheimta fyrri efnahagsstyrk eftir heimsfaraldurinn og Ísland. Það er staða sem við getum ekki unað og til þess að sú spá rætist ekki er nauðsynlegt að hafa skýra sýn og vita hvaða verkefnum þarf að forgangsraða. Þótt efnahagsaðgerðir hafi hingað til lukkast vel er ljóst að heimsfaraldurinn olli verulegu tjóni. Það er því verk að vinna.

Samhliða bólusetningum og bjartari tímum er kominn tími til að breyta vörn í sókn. Virkja hið íslenska keppnissskap. Þá á ég ekki við keppni milli frambjóðenda innan flokka eða milli flokka á þingi. Við stöndum í harðri, alþjóðlegri samkeppni. Til að skara fram úr í þeirri samkeppni þurfum við að hugsa til framtíðar. Við höfum alla burði til að byggja hagkerfi okkar upp á ný, fjölga störfum, fjölga tækifærum til nýsköpunar, stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi og treysta efnahag heimila og fyrirtækja enn frekar.

Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar markar þá stefnu. Ráðstöfun opinbers fjár færast nú úr viðbragði við heimsfaraldurinn yfir í arðbæra fjárfestingu innviða sem svo



aftur styður við fjölbreytt og stöndugt atvinnulíf. Það er forsenda þess að við risum hratt upp úr þeirri niðursveiflu sem hefur átt sér stað.

Ríkissjóður er ekki ótæmandi auðlind og án öflugs atvinnulífs og verulegra umsvifa tæmist hann fljótt. Við höfum haldið okkur á floti með lántökum undanfarið ár, en það er ekki verjandi leið til lengdar. Þess vegna þurfum við að sjá til þess að allar aðstæður séu eins og best verður á kosið til að fólk og fyrirtæki geti skapað nauðsynleg

verðmæti til að standa undir þeim lífskjörum sem við höfum vanist – og við viljum gera enn betri.

Við þurfum samstillt átak til að gera þetta. Til að hefja okkur upp úr lægðinni. Við í stjórnmalunum, sem höfum valdið til að setja reglur og leggja á álögur, höfum líka valdið til að létta reglubyrði og lækka skatta. Við þessar aðstæður sem nú ríkja er það jafnvel enn mikilvægara en ella. Þess vegna þurfum við fólk til forystu sem hefur þessa sýn á samfélagið, á efnahagsstjórnina, á verð-

mætasköpun. Við þurfum fólk sem leitar lausna, er ekki fast í kreddum heldur tekur skynsamlegar ákvarðanir sem eru til þess fallnar að bæta líf okkar.

Nú stendur yfir prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Sem betur fer stendur valið á milli fjölda frambærilegra frambjóðenda. Ég hvet alla sjálfstæðismenn í borginni til þess að hafa áhrif á það hverjir veljast inn á þing.

Valið er auðvelt. Kjósum framtíðina. ■



Við þurfum fólk sem leitar lausna, er ekki fast í kreddum heldur tekur skynsamlegar ákvarðanir sem eru til þess fallnar að bæta líf okkar.

SUMMAR TILBOÐ

Kíktu við hjá Höfðabílum og gerðu funheit bílakaup

Allt að
700.000
afsláttur kr.

**Allir bílar
með ábyrgð**

Allt að 100% bílalan.
Fjármögnum á staðnum.

Hér eru aðeins nokkur sýnishorn - **taktu fríð á nýjum notuðum bíl**

- 300.000 kr.



Rnr. 134216

Ford Kuga Titanium AWD
Nýsk. 5/18 Ekinn 135 þ. km
Sjálfskiptur, leður, lúga og fl.
Ásett verð: 3.090.000 kr.

**SUMARTILBOÐ
2.790.000. KR.**

- 300.000 kr.



Rnr. 134228

Honda CRV
Nýsk. 2/16 Ekinn 110 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 2.790.000 kr.

**SUMARTILBOÐ
2.490.000. KR.**

- 500.000 kr.



Rnr. 134392

Honda CRV
Nýsk. 12/17 Ekinn 132 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 3.790.000 kr.

**SUMARTILBOÐ
3.290.000. KR.**

- 300.000 kr.



Rnr. 134382

Suzuki Baleno
Nýsk. 9/17 Ekinn 132 þ. km
Sjálfskiptur. Góður bíll
Ásett verð: 1.390.000 kr.

**SUMARTILBOÐ
1.090.000. KR.**

- 200.000 kr.



Hyundai I-10 Comfort
Nýsk. 2/17 Ekinn 110 þ. km
Beinskiptur, bensín
Ásett verð: 790.000 kr.

**SUMARTILBOÐ
590.000. KR.**

- 300.000 kr.



Rnr. 215250

Hyundai I-20
Nýsk. 7/17 Ekinn 150 þ. km
Beinskiptur, bensín
Ásett verð: 990.000 kr.

**SUMARTILBOÐ
690.000. KR.**

- 300.000 kr.



Rnr. 215339

Hyundai I-30
Nýsk. 7/18 Ekinn 143 þ. km
Sjálfskiptur
Ásett verð: 1.490.000 kr.

**SUMARTILBOÐ
1.190.000. KR.**

- 500.000 kr.



Rnr. 134383

Nissan Pulsar
Nýsk. 6/17 Ekinn 185 þ. km
Beinskiptur
Ásett verð: 1.290.000 kr.

**SUMARTILBOÐ
790.000. KR.**

- 700.000 kr.



Rnr. 134340

Landrover Discovery Sport
Nýsk. 6/17 Ekinn 200 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 3.690.000 kr.

**SUMARTILBOÐ
2.990.000. KR.**

- 500.000 kr.



Rnr. 215201

Landrover Discovery Sport
Nýsk. 6/17 Ekinn 166 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 3.690.000 kr.

**SUMARTILBOÐ
3.290.000. KR.**

- 500.000 kr.



Rnr. 134362

Nissan X-Trail
Nýsk. 5/16 Ekinn 182 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 2.140.000 kr.

**SUMARTILBOÐ
1.640.000. KR.**

- 500.000 kr.



Rnr. 134153

Subaru Forester
Nýsk. 7/18 Ekinn 108 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 3.390.000 kr.

**SUMARTILBOÐ
2.890.000. KR.**



Bílafjármögnun
Landsbankans



HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast

FOSSHÁLSI 27
110 REYKJAVÍK
SÍMI: 577 4747

FÖS: 10-17
LAU: 12-15
SUN: LOKAÐ



Guðlaug Edda Þríbrautarkona þarf að leggjast undir hnifinn.

Í kapphlaupi við tímann fyrir ÓL

hjorvaro@frettabladid.is

ÞRÍBRAUT Guðlaug Edda Hannesdóttir þríbrautarkona greindi frá því í færslu á Instagram-síðu sinni í dag að hún eigi við meiðsli í mjöðm að stríða. Til þess að bæta gráu ofan á svart datt Guðlaug Edda á móti í Lissabon á dögunum en við fallið handleggsbrotnaði hún og fékk vægan heilahristing.

Guðlaug Edda segir að líklegt sé að þau meiðsli komi í veg fyrir að hún taki þátt í Ólympíuleikum sem fram fara í Tókíó í Japan í júlí og ágúst.

Þessi mikla keppnismanneskja heldur þó í vonina um að verða orðin heil heilsu í tæka tíð fyrir leikana.

„Þessa stundina er ég í meðferð vegna meiðslanna og bið eftir aðgerð. Ég er niðurbrotin og afar leið að lenda í þessu meiðslum á þessum tímamóti, nokkrum vikum fyrir Ólympíuleikana.“

Eftir skurðaðgerðina tekur við langt bataferli en ég er í góðum höndum með reyndan skurðlækni og endurhæfingarteymi,“ segir Guðlaug Edda um stöðu mála.

„Ég held enn í vonina um að fara til Tókíó og keppa þar. Þó ég geti ekki keppt akkúrat núna er samt enn möguleiki að ég fái sæti á leiknum en þá þyrfti ég að keppa með þar,“ segir hún í samtali við Fréttablaðið. ■



Bergrún Ósk og Ingeborg brosmildar eftir keppnina í Póllandi í gær.

Fengu silfur og brons í kúluvarpi

hjorvaro@frettabladid.is

FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR Ingeborg Eide Garðarsdóttir úr Ármanni og Bergrún Ósk Aðalsteinsdóttir, FH, lönduðu í gær silfri og bronssi fyrir Íslands hönd á Evrópumeistaramóti IPC í frjálsum sem fer fram í Póllandi þessa dagana.

Báðar kepptu þær í kúluvarpi í flokki F37 (hreyfihamlaðir) en aðeins einum sentimetra munaði á lengstu köstum hjá þeim vinkonum í dag.

Bergrún Ósk hrepti silfrið er hún varpaði kúlunni upp á 8,76 metra en Ingeborg fékk brons með kasti sem var aðeins sentimetra styttri en hjá Bergrúnu Ósk.

Íslandsmetið í flokknum er 8,89 metrar en hjá Ingeborgu var um persónulega bætingu að ræða. ■



Tímamót í andlegri heilsu íþróttafólks

Deila Naomi Osaka um fjölmiðlaskyldu afreksíþróttafólks hefur vakið heimsat-hyggi og leiddi til þess að hún dró sig úr leik á Opna franska meistaramótinu. Prófessor í sálfræði segir þetta tímamót í umræðu um andlega heilsu íþróttafólks í fremstu röð.

kristinnpall@frettabladid.is

TENNIS „Þetta er ákveðin yfirlýsing um að það sé komið að tímamótum þegar kemur að andlegri heilsu afreksíþróttafólks. Til margra ára hafa þau sett andlegu hliðina til hliðar til þess að freista þess að ná árangri,“ segir Richard Eiríkur Taehtinen, aðjúnkt við sálfræðideild Háskólans á Akureyri, aðspurður út í fjölmiðlafárið og aðdraganda þess að Naomi Osaka, ein skærasta stjarna tennisíþróttarinnar, ákvað að draga sig úr leik á Opna franska meistaramótinu í tennis, einu af risamótunum fjórum í vikunni.

Osaka var á dögunum sektuð fyrir að neita að ræða við fjölmiðla í aðdraganda fyrsta leiks hennar á mótinu. Þegar Osaka var hótað brottrekstri ef hún myndi áfram neita að tala við fjölmiðla ákvað hún að hætta við frekari þátttöku á mótinu. Í yfirlýsingu á samskipta-



Þetta minnir okkur á að íþróttafólk getur glímt við geðheilsuvandamál, rétt eins og aðrir, þótt að það fari ekkert endilega alltaf mikið fyrir því.

Richard Eiríkur Taehtinen, aðjúnkt við sálfræðideild HA.

miðlum Osaka kom fram að með ákvörðun sinni vildi hún færa sviðsljósið yfir á mótið sjálf í stað deilu hennar við mótshaldara.

Osaka, sem hefur unnið fjóra risatitla á ferlinum og er aðeins 23 ára, greindi á sama tíma frá því að hún hefði glímt við þunglyndi undanfarin ár og því fylgdu oft kvíðaköst í aðdraganda viðtala við fjölmiðla.

Með því að sniðganga fjölmiðlaskyldu hafi hún ætlað sér að einbeita sér að mótinu og um leið vekja athygli á óþarfa regluverki um fjölmiðlaskyldu leikmanna. Að lokum tilkynnti Osaka að hún hefði ákveðið að taka sér stutt frí frá íþróttinni.

„Með þessu er Osaka að senda skilaboð um að hún setji eigin andlegu heilsu í forgang því annars geti hún ekki verið upp á sitt besta í mótum. Hún er ekki að leggja spaðann á hilluna heldur að setja fordæmi til framtíðar, ef kröfur mótshaldara stangast á við vilja keppenda. Þetta hefur ekki verið auðveld ákvörðun og hefur vakið heilmikla athygli en ég tel nánast fullvist að það hafa fleiri verið í sömu sporum en ekki tekið af skarið. Það voru strax fjölmargar stjórnur sem stigu fram og studdu við bakið á henni.“

Richard, sem sérhæfir sig meðal annars í íþróttasálfræði, hefur rannsakað áhrif þunglyndis á íþróttafólk.

„Þetta minnir okkur á það að íþróttafólk getur glímt við geðheilsuvandamál, rétt eins og aðrir, þó að það fari ekkert endilega alltaf mikið fyrir því. Afreksíþróttafólk er ekki endilega með gott auga fyrir því að koma auga á einkenni geðheilsuvandamála hjá þeim sjálfum.“

Um leið er ekki langt síðan það hófust rannsóknir á geðheilbrigði afreksíþróttafólks.

Veikleikamerki hafa oft verið túlkuð sem merki um aumingjaskap sem má rekja til þessarar árangursdrifnu menningar íþróttanna að það eigi að harka af sér svona hluti. Fyrir vikið fær almenningur oft þá upplifun að afreksfólk sé með meiri seiglu og geti betur tekist á við pressu. Það þarf gríðarlegan andlegan styrk til að komast í fremstu röð á heimsvísu en um leið eru stærstu stjórnurnar oft mjög sjálfsgagnrýnar.“

Hann tók undir að með tilkomu samskiptamiðla væri komið öðruvísi samband milli afreksíþróttafólks og addændanna og hlutverk fjölmiðla í þessu samhengi ætti ef til vill eftir að breytast.

„Tíðarandinn í íþróttum er enn þá þannig að einstaklingar eigi að vera aðgengilegir og ef íþróttamenn eru ekki tilbúnir að taka þátt í því þykja þeir hrokafullir. Ég las grein þar sem Naomi var kölluð prinsessa vegna hegðunar sinnar en hvar annars staðar eru sömu kröfur gerðar um sambærilegt aðgengi að fólki? Um leið fóru mótshaldarar ansi harkalega fram í gagnrýni sinni í hennar garð og hótunum en þeir virðast sleppa nokkuð vel út úr þessu máli. Það kom mér á óvart.“ ■

Takast á við öðruvísi verkefni í Þórshöfn

hjorvaro@frettabladid.is

FÓTBOLTI Ísland og Færeyjar mætast í kvöld í vináttulandsleik í fótbolta karla á Tórsvelli í Færeyjum. Leikurinn hefst kl. 18.45 að íslenskum tíma. Þetta verður í 26. skipti sem A-landslið þjóðanna í karlaflokki mætast.

Um er að ræða fyrsta leikinn á Tórsvellinum eftir að endurbætur voru gerðar á vellinum.

Íslenska liðið hefur unnið sigur 23 sinnum, liðin gerðu markalaust jafntefli árið 1984 og eini sigur Færeyinga var í vináttulandsleik í Kórnum í Kópavogi árið 2009.

Frændþjóðirnar hafa tvisvar sinnum mæst í mótisleik en liðin voru saman í riðli í undankeppni EM 2004. Þá vann íslenska liðið 2-1 sigur í báðum viðureignum liðanna. Þjálfarateymið Arnar Þór Viðars-



Það er líklegt að reynsluminni leikmenn fái tækifæri í kvöld. MYND/KSÍ

son og Eiður Smári Guðjohnsen aðstoðarþjálfari léku báða þessa leiki og skoraði Eiður Smári í úti-leiknum.

Allir leikmenn íslenska liðsins

komu heilir út úr tapinu gegn Mexíkó um síðustu helgi en Patrik Sigurður Gunnarsson og Jón Guðni Fjóluson voru ekki með í þeim leik vegna meiðsla og ferðuðust af þeim

sökum ekki með til Færeyja.

Ísak Bergmann Jóhannesson, sem lék sinn fyrsta byrjunarliðsleik, býst við að Ísland verði meira með boltann í leiknum og færi gæfist á því að fara yfir uppspil og sóknarleik í meira mæli í þessum leik en í leiknum gegn Mexíkó.

„Við munum líklega stjórna ferðinni í þessum leik og vera meira með boltann. Þarna fáum við tækifæri til þess að fara yfir uppspilið sem er jákvætt,“ sagði Ísak Bergmann á blaðamannafundi fyrir leikinn.

„Það var mikill heiður að fá að spila með Aroni Einari Gunnarssyni og Birki Bjarnasyni í leiknum gegn Mexíkó og nú er einbeitingin hjá mér bara á leiknum við Færeyjar,“ sagði þessi efnilegi miðjumaður enn fremur en hann lék sinn fyrsta byrjunarliðsleik með A-landsliðinu þegar Ísland lék við Mexíkó. ■

Það voru eflaust margir spenntir að sjá Osaka keppa í Parisarborg en hún keppti aðeins í einni umferð áður en hún hætti keppni.

FRÉTTABLAÐIÐ/
GETTY

SAMSUNG



Stærð 65" - Kr. 359.900,-

The FRAME

Listaverk eða sjónvarp?



Stærð 55" - Kr. 259.900,-



Stærð 43" - Kr. 189.900,-



ormsson

Opnunartímar
Virka daga kl. 10-18
Lokað um helgar

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 - 530 2800

Skoðaðu úrvalið okkar á
ORMSSON.IS



*SENDUM UM LAND ALLT

ORMSSON
PRISTUR-ÍSAFIRÐI
SÍMI 456 4751

KS
SAUÐÁRKRÓKI
SÍMI 455 4500

SR BYGG
SIGLUFIRÐI
SÍMI 467 1559

ORMSSON
AKUREYRI SÍMI
461 5000

PENNINN
HÚSAVÍK
SÍMI 464 1515

ORMSSON
PAN-NESKAUPSSTAÐ
SÍMI 477 1900

ORMSSON
ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 480 1160

GEISLI
VESTMANNAEYJUM
SÍMI 481 3333

TÆKNIBORG
BORGARNESI
SÍMI 422 2211

OMNIS
AKRANESI SÍMI
433 0300

Merkiatburðir

Merkiatburðir

470 f.Kr. fæðist Sókrates.

1896 Henry Ford prufukeyrir fyrsta bílinn sem hann hannar, það er einnig fyrsti bíllinn sem hann ekur.

1944 Hornsteinn er lagður að Stýrimannaskólanum í Reykjavík.

1960 Litla kaffistofan í Svinahrauni er opnuð.

1989 Samstaða vinnur yfirburðasigur í þingkosningum í Póllandi.



Margrét er ákveðin í að ganga Merkurhringinn á morgun fyrir gott málefni þótt hún sé svolítið slæm í hné.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Á morgun iðar Mörkin af lífi

Þrjú hundruð manns ganga um Þórsmörkina á morgun til styrktar íslenskum grunnrannsóknunum á brjóstakrabbameini. Félagið Göngum saman og fyrirtækið Volcano Trails standa fyrir því.

gun@frettabladid.is

„Það er grímuskylða í rútunum og síðan verður fólk utan dyra. En við urðum að hætta að taka við bókunum þegar 300 manns voru komnir á skrá. Okkur fannst við ekki geta stefnt fleirum saman,“ segir Margrét Baldursdóttir um fyrirhugaða Þórsmörkugöngu á morgun til ágóða fyrir Styrktarsjóð Göngum saman. Tvær mismunandi leiðir verða gengnar með leiðsögn, Merkurhringur og Tindfjallahringur. Þátttakendur greiða 5000 króna skráningargjald í göngurnar sem rennur óskipt í styrktarsjóðinn. Rútuferð þegar greiða fyrir sín sæti og þeir sem njóta grillveislu að göngu lokinni greiða fyrir hana en kvöldvaka við varðeld kostar ekkert.

Margrét situr í stjórn sjóðsins en segir ferðaþjónustufyrirtækið Volcano Trails eiga hugmyndina að þessari fjáröflunarferð í Þórsmörk. „Einhver úr Volcano Trails var staddur í verslun og sá þar viðskiptavin með innkaupapoka merktan okkur, hafði samband og bauðst til að skipuleggja svona ferð. Auk þess leggur fyrirtækið 1500 krónur í söfnunina á móti hverjum 5000-kalli frá göngufólkinu.“ Hún segir ferðina hafa verið á ætluð í fyrrihaust en orðið hafi að fresta henni vegna heimsfaraldursins.

Tindfjallahringurinn erfiðari

Einhverjir fara inn í Þórsmörk í dag, föstudag, gista og taka svo þátt í göng-



Þórsmörkin býður upp á fjölbreyttar gönguleiðir. Tvær verða í boði hjá Göngum saman. MYND/WIKIPEDIA

unni á morgun, að sögn Margrétar. „Ég veit að gistirými í Mörkinni er allt uppselt. Svo fer fólk með rútum og á eigin bílum í fyrramálið.“

Hringirnir sem gengnir verða eru mislangir- og erfiðir, að sögn Margrétar. „Merkurhringurinn skilst mér að taki þrjá til fjóra tíma, það er hægt að stytta hann með því að sleppa göngu á Valahnjúk. Tindfjallahringurinn er meira á fótinn og tekur að minnsta kosti klukkustund lengri tíma,“ lýsir hún. Kveðst sjálf svolítið slæm í hné svo hún ætli að velja auðveldari leiðina.

Fyrsta náttúruganga félagsins

Félagið Göngum saman var stofnað 2007. Markmið þess eru að styrkja íslenskar grunnrannsóknir á edli og orsökum brjóstakrabbameins, einnig að stuðla að bættri meðferð þeirra sem greinast og auknum lífslíkum. Um 110

”

Einhver úr Volcano Trails var staddur í verslun og sá þar viðskiptavin með innkaupapoka merktan okkur, hafði samband og bauðst til að skipuleggja svona ferð.

Margrét Baldursdóttir.

milljónum króna hefur verið úthlutað til íslenskra vísindamanna sem vinna að þessum markmiðum. Það fé hefur einkum safnast með því að ganga saman og greiða þátttökugjald.

Göngur félagsins hafa farið fram í þéttbýli víða um land undanfarin ár en Margrét segir Þórsmörkugönguna þá fyrstu sem skipulögð er úti í náttúrunni. „Hinsvegar hafa hópar gengið saman, safnað áheitum og látið okkur njóta. Eigendur ferðaþjónustunnar Skotgöngu, Inga, Snorri og Magga, gengust fyrir 154 km langri áheitagöngu nýlega um skosku hálöndin. Systir Ingu, Iðunn Geirsdóttir, var öflugur liðsmaður okkar félags á Austfjörðum. Hún hefði orðið fimmtug í sumar en lést 47 ára. Systir hennar og mágur efndu til göngunnar í minningu hennar og söfnuðu tólf hundruð þúsundum fyrir Göngum saman. ■

Þetta gerðist: 4. júní 2009

Hafnsögubát hvolfði við Sandgerði

Tveir menn voru hætt komnir þegar hafnsögubát hvolfði við björgunarstörf utan við Sandgerði þennan mánadardag árið 2009. Björgun þeirra tókst giftusamlega.

Hafnsögubáturinn hafði verið tengdur landfestum togarans Sóleyjar Sigurjóns sem varðskipið Týr var að draga af strandstað í innsiglingunni í Sandgerðishöfn. Búið var að toga í um klukkutíma þegar hið 1.300 tonna skip losnaði allt í einu. Við það fór hafnsögubáturinn á hliðina og sökk og var skipstjóri hans inni í styrishúsinu neðansjavar í allt að



»

Björgun manna tókst giftusamlega.

tvær mínútur. Hinn hafnsögumaðurinn um borð var á dekki og fór beint í sjóinn. Hann var kominn í bát björgunarfélagsins Sigurvonar innan við hálfri mínútu síðar. ■



+

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,

Bjarnfríður Andrea Guðnadóttir

(Adda)

lést á heimili sínu í faðmi fjölskyldunnar, mánudaginn 31. maí sl. Útför hennar fer fram frá Frikirkju Hafnarfjarðar fimmtudaginn 10. júní kl 13.00. Slóð á streymi verður birt síðar.

Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir, þeim sem vilja minnst hennar er bent á Líf styrktarfélag Kvennadeildar Landspítalans.

Þór Magnason

Guðrún Guðmundsdóttir

Gísli Haukur Þorvaldsson

Andrea Ruth Gísladóttir

María Þrá Gísladóttir

Þórólfur Freyr Þórsson



+

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Trausti Thorberg Óskarsson

Lækjasmára 6, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 27. maí á hjúkrunarheimilinu Boðapíngi.

Útförin fer fram frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 8. júní klukkan 13.

Elsa Thorberg Traustadóttir

Stefán Gunnarsson

Óskar Thorberg Traustason

Berglind Steindórsdóttir

afa- og langafabörn.



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Svanfríður Guðrún Ingvarsdóttir

frá Bjalla í Landsveit, til heimilis að Urðarstekk 12,

sem lést 28. maí sl. verður jarðsöngin frá Vídalinskirkju í Garðabæ þriðjudaginn 8. júní kl. 13. Streymt verður frá athöfninni og slóðin verður aðgengileg á www.mbl.is/andlát.

Katrín Sæmundsdóttir

Halldór Ólafsson

Þóra Fríða Sæmundsdóttir

Baldur Pálsson

Signý Sæmundsdóttir

Sveinn Erlendsson

Soffía Sæmundsdóttir

og fjölskyldur.



+

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Þóra Víkingsdóttir

ónæmisfræðingur og kennari,

varð bráðkvödd á heimili sínu, mánudaginn 31. maí.

Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á að hægt er að styrkja góðgerðarstarf. Útför verður auglýst síðar.

Bjarni Jónsson

Sveinbjörg Bjarnadóttir

Þóra Hrunð Bjarnadóttir

Lynggaard

Niels Lynggaard

Valgerður Bjarnadóttir

Jóhannes Ingi Torfason

Kári Kristinn Bjarnason

Særún Anna Traustadóttir

Sölvi, Silja og Svava

ALLT

KYNNINGARBLAÐ

FÖSTUDAGUR 4. júní 2021



Nikótínávani hættir ekki með lyfjum.

Í viðjum vanans

elin@frettabladid.is

Sala á nikótínlyfjum í lausasölu hefur stóruhátt í Noregi á undanförunum árum. Heilbrigðisyfirvöld mæla með þessu hjálpartæki fyrir fólk sem vill hætta að reykja. Á síðasta ári seldust 2,2 milljónir pakka af nikótínlyfjum og er það aukning um 11% frá árinu áður. Menn telja að þetta sé ekki eingöngu vegna þess að fleiri hætti að reykja heldur af því að fólk sé lengur að nota lyfin en mælt er með. Norska landlækniseimbættið tók saman hversu miklar líkur séu á því að fólk hætti að reykja með nikótínlyfjum árið 2018 og reyndist það vera 50–60%. Vísindamenn sem hafa skoðað rannsóknir landlæknis eru ekki á sama máli um niðurstöðuna og telja mun færri hætta reykingum með nikótínlyfjum.

Bless, nikótín

Karl Erik Lund, norskur ráðgjafi, segir við vefinn forskning.no að aðeins 10–15% þeirra sem byrja að nota nikótínlyf geti hætt notkun þeirra. „Reykingamenn fara ekki að ráðleggingum um notkun. Þeir nýta sér þannig ekki möguleikana til meðferðar gegn nikótíni. Svo virðist sem konur eigi auðveldara með að hætta að reykja en karlar með þessum lyfjum en það kemur fram í óbirtri rannsókn. Nikótínlyf auðvelda fólk að hætta að reykja en það eru fáar tölur um langtímaáhrif af notkun þessara hjálpartækja. Þar fyrir utan eru fáir sem vilja svara í rannsóknum þegar spurt er um nikótínlyf og reykingar. Reykingar í Noregi hafa stórminnkað á tíu árum. Til að kveðja alveg nikótínið þarf að hætta á lyfjunum líka. ■



Alexandra segir að líf listamannsins sé síður en svo en rómantískt enda þarf hann einnig að vera sérfræðingur í markaðsmálum, vera eldklár í bókhaldi og vakna klukkan átta á morgnana til að vinna. Hún sér ekki eftir því að hafa tekið skrefið í átt að listamannsframanum og á framtíðina fyrir sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Líf listamannsins alls ekki rómantískt

Alexandra Dögg Steindórsdóttir er 29 ára gömul og hefur vakið nokkra athygli fyrir skemmtilegan og litríkan teiknistíl. Hún tók ákvörðun fyrir fáeinum árum um að hætta að líta á teikninguna sem áhugamál og sér ekki eftir því í dag. **2**

Alexandra á það sameiginlegt með mörgum teiknum að hafa verið að teikna síðan hún var krakki. „Fyrir um þremur til fjórum árum síðan ákvað ég að taka af skarið og koma út úr skápnunum sem listamaður. Ég hafði verið að teikna sjálf og eftir pöntunum eins og blóm, gæludýr, myndir af börnum og fleira persónulegt, en svo ákvað ég að þetta væri ekki hobbí fyrir mér lengur.

Sömuleiðis hafði mig lengi langað í myndlist en var þínu hrædd við að taka skrefið. Ég er með meistaraáráði í alþjóðasamskiptum og þegar faraldurinn hófst þá var ekkert að gerast í þeim bransa. Því ákvað ég að láta reyna á gamlan draum og skráði

mig í tveggja ára diplómanám í teikningu í Myndlistaskólanum. Núna á ég eitt ár eftir í MíR,“ segir Alexandra.

Vildi ekki vera skúffuskáld

Alexandra umturnaði Instagram-reikningnum sínum, sem var mest megnis persónulegt efni, og hóf að deila öllu sem hún teiknaði, hvort sem hún var 100% ánægð með það eða ekki. „Ekki vildi ég vera eins og skúffuskáldin sem gera ekkert opinbert. Ég ákvað að samþykka að þetta væri nú atvinna mín og bjó til heimasíðu þar sem ég tek við flestum verkefnum. Hugmyndir mínar um líf listamannsins voru áður mjög rómantískar, að hann væri einn heima í kjallaranum

að mála og svo kæmi bara verkið fram fullskapað. En þetta er alls ekki jafn rómantískt og maður skyldi halda. Í dag þurfa myndlistarmenn líka að vera sínir eigin umboðsmenn. Þetta er mikil vinna og bras, sérstaklega ef þú sérð um bókhaldi líka. Síðan ég tók þessa ákvörðun hef ég tekið eftir ýmsum breytingum og eftir því sem ég eyði meiri tíma í að auglýsa mig og koma fram sem teiknari, því meira uppsker ég af verkefnum.“

Innblástur er ekta

Alexandra er síteiknandi þó svo hún taki sér pásur inn á milli. „Þetta er vöðvi sem þarf að þjálfa eins og annað og ég þarf að passa upp á að setjast niður. Ef ég er

mikið að vinna annars staðar og gef mér lítinn tíma í listina verð ég fljótt ryðguð og eirðarlaus og finn hvernig þörfin byggist upp. Sem unglingur las ég ljóð Bukowskis og einhvers staðar kom þar fram að ef listin flæddi ekki út úr manni þá gæti maður bara allt eins sleppt þessu. Það slókkta smá í mér en núna veit ég að þetta er alls ekki satt. Picasso sagði aftur á móti að innblástur væri ekta, en hann yrði að koma til þín við vinnu, og það er alveg satt. Maður verður að vakna klukkan átta á morgnana, setjast niður og byrja að teikna. Mín bestu verk hef ég gert eftir að hafa gert tíu ömurleg verk.

Ásamt því að teikna og taka að sér verkefni starfar Alexandra **>>**



» í verslun og sem sushikokkur í hlutastarfi með skóla. „Teikningin er aukagrein eins og er hjá mér en ég vonast til þess að vinna við hana sem aðalstarf í framtíðinni,“ segir Alexandra.

Hvað er fallett?

Alexandra segist mest vera í blautum miðlum eins og í vatnslitum, guache og bleki. „Undanfarið hef ég verið að nota stafræna miðla meira. Þá nota ég Procreate í Ipadinum sem er mjög notendavænt og þægilegt að grípa í á ferðinni. Persónulega finnst mér erfitt að lýsa eigin stíl, en það má kannski segja að hann sé flúraður og með mikið af smáatriðum. Þá legg ég mikið upp úr sterkum litapallettum.

Þó svo teiknistíllinn hafi ekki breyst mikið í eðli sínu á síðustu þremur árum myndi ég segja að hann sé orðinn bæði sterkari og breiðari. Áður var ég bara í vatnslitum og þegar ég var að teikna kött til dæmis, var ég upptekin af því að gera hann eins líkan eftirmyndinni og mögulegt væri. Í dag finnst mér það ekki spennandi. Ég hef meira gaman af því að leika mér með hugmyndina um fegurð til dæmis og þá sérstaklega í tengslum við listaheiminn og samfélagsmiðla og hvað er talið vera fallett. Þá geri ég sjálfmyndir þar sem ég toga í munninn, afskræmi mig og geri mig ljóta. Einn af mínum uppáhaldsmyndlistarmönnum er Jenny Saville, en hún hefur gert risavaxin málverk af frekar þungu fólki klessa sér upp við gler, sem mér finnst geggjaðar. Mér finnst gaman að leika mér með það sem er súperkvenlegt en að hafa eitthvað óþægilegt með í myndinni. Ég hef alltaf gert þetta en núna hef ég tekið þetta skrefinu lengra.“

Vill fá fólk til að hugsa
„Mér finnst mjög gaman að vinna í eigin efni en uppáhaldsverkefni mín eru að gera það sem kallast editorial illustration, sem er að fá verk til þess að teikna upp eða upplýsa. Eins og teikningarnar í The New Yorker eða The Economist. Ég fylgi mikið listamönnum sem teikna í þau blöð á samfélagsmiðlum og finnst mjög gaman að gera teikningar fyrir blaðgreinar, en ég hef meðal annars gert myndir fyrir veftímaritið Flóru.

Þegar ég var í menntaskóla fylgdist ég mikið með myndlist á vefsíðum þar sem fólk fékk athygli fyrir að teikna og mála myndir af fallegum stelpum, en svo fékk ég bara leiða á því. Myndlistarmenn hafa einstakt tækifæri til að endurspegla samfélagið sem við búum í og tækifæri til þess að segja eitthvað um það. Ég er ekki að segja að myndlist þurfi alltaf að vera ógeðslega djúp en mér finnst mikilvægt



Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is

Alexandra hefur gaman af því að vinna með hugmyndina um fegurð og teygja hana og toga.

FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



Myndlistarmenn hafa einstakt tækifæri til að endurspegla samfélagið sem við búum í og tækifæri til þess að segja eitthvað um það.

Alexandra Dögg.

að fólk hugsi um hvaða áhrif það vill hafa á áhorfandann eða samfélagið. Þess vegna er ég til dæmis að teikna fyrir Flóru veftímarit því ég hef meiri áhuga á að gera list sem fær fólk til að hugsa.“

Alexandra er hrifin af menningar- og þjóðsagnaarfi Íslendinga og hefur gaman af því að vinna upp úr honum. „Ég var mjög hrifin af vampýrum og öllu sem er yfirnáttúrulegt sem krakki og elskaði að skoða efni um rússnesku nornina Baba Yaga. Ég hef enn þá gaman af því og líka að lesa mér til um drauga og nornir og norræna arfinn, og tengja það inn á feminískar hugmyndir. Eins og í vatnslitamyndinni minni úr Þrymskviðu þar sem goðin klæða



Það er eitthvað virkilega óþægilegt við þessar rauðu hendur í sturtunni.

MYNDR/ADSENDAR



Alexandra hefur teiknað fyrir veftímaritið Flóru og þessi teikning birtist með vefgrein Sönnu Magdalenu Mörtudóttur, Skúra, skrúbbu og strita.

Þór upp sem Freyju. Þór finnst þetta fáránleg hugmynd, en það sem er enn asnalegra við þetta allt er hvað hann gerir mikið mál úr þessu. Ég vildi gera hann eins fallegan og kvenlegan og hægt væri því annars myndi Þrymur aldrei kaupa Þór sem konu. Þarna vildi ég blikka til dragdrottninganna því það er bara alls ekkert asnalegt að Þór sé í kjól.“

Hjólaskautadrottning
Alexandra er einnig áberandi í

Allt er kynningarbláð sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnaræfni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgafandi: Ábyrgðarmaður: Björn Viglundsson

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.



Þór er glæsilegur í brúðarklæðum þrátt fyrir vandræðaháttinn og er Þrymur dolfallinn yfir fegurðinni.



Fegurð, samfélagsmiðlar og sjónarhorn karlsins má allt finna hér í einni mynd. Hér er stúlkan með perlueyrnalokkin stödd í húsasundi að gera sig tilbúna fyrir tik tok.

Náttúrulegt & öflugt fyrir góða meltingu



Viltu losna við bjúg & uppþembu?

Róandi meltingarblanda sem inniheldur hreint engifer & íslensk fjallagrös.

Fæst í næsta apóteki, heilsuvörverslun og flestum stórvörumörkuðum.

ICEHERBS
NATURAL SUPPLEMENTS

Ferðir innanlands

FÖSTUDAGUR 4. júní 2021

KYNNINGARBLAÐ

Kynningar: Lyfjaver, Markaðsstofa Reykjaness, Rangárþing eystra



Ingibjörg Kolbeinsdóttir þekkir vöruna vel eftir að hafa búið í Noregi í nokkur ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vertu í fríi frá míni í sumar með MyggA

Mygga mýflugnafælan veitir þér frelsi til að vera úti í náttúrunni án mikillar truflunar frá bitmýi. Hvort sem þú ert úti í garði heima, í göngu, fjallgöngu, golfi, veiðitúr eða annarri útivist, þá er gott að hafa Mygguna með í för. **2**

Ingibjörg Kolbeinsdóttir, markaðs- og sölustjóri Lyfjavers, þekkir Mygga vel af eigin reynslu: „Við fjölskyldan bjuggum í Noregi í sex ár. Þar kynntumst við nokkrum tegundum af bitmýi og notuðum Mygga DEET til varnar með góðum árangri,“ segir Ingibjörg. „Eftir þetta er ég alltaf tilbúin með vörnina þegar vargtímabilið hefst í byrjun júní ár hvert, enda vill enginn á heimilinu verða fyrir barðinu á bitvarginum.“

Mygga á Íslandi

Mygga er áhrifarík mýflugna- og skordýrafæla sem vinnur meðal annars gegn bitmýs- og moskitóbiti. Mygga er nú fánleg aftur á Íslandi, eftir að Lyfjaver tryggði sér markaðsleyfi fyrir henni. Rétt er að nefna að Mygga hefur hlotið góðar viðtökur og reynslu á Norðurlöndunum.

Mygga inniheldur sæfiefnið DEET (N,N-dietyl-meta-tólúamíð) sem er fæliefni sem hefur áhrif á lyktarskyn flugunnar og veitir þannig góða vörn gegn mýflugna- og skordýrabiti. DEET er jafnframt eitt algengasta virka efni sem notað er í skordýrafælur í dag.

Njóttu útíverunna í sumar

Bitmý hefur verið mjög fyrirferðarmikið hér á landi undanfarin ár og svo virðist sem lúsmýið sé að ná hér föttestu. Fólk getur orðið fyrir talsverðum óþægindum af bitmýi, það getur til að mynda orðið til þess að sumarfríð taki óvænta stefnu hjá fólki. Ein leiðin til að koma í veg fyrir bit frá þessum vargi er að nota fæliefni sem inniheldur virka efnið DEET sem borið er á húð. Mygga DEET veitir m.a. vernd gegn bitmýs- og moskitóbiti sem varir í allt að níu klukkustundir. Þættir eins og hitastig, raki og svitamyndun geta haft áhrif á virkni vörunnar.

Embætti landlæknis og heilsgæslan hafa gefið það út að áhrifaríkustu fæliefni gegn bitmýi séu þau sem innihalda virka efnið DEET og má kynna sér það á vefsíðunni www.heilsuvera.is.

Til að geta selt vöru sem inniheldur sæfiefnið DEET þarf að sækja um markaðsleyfi frá Umhverfisstofnun, en Mygga er eina vörumerkið á Íslandi sem inniheldur DEET sem er með gilt markaðsleyfi frá Umhverfisstofnun.

Mygga DEET

Mygga DEET er fánlegt í þremur mismunandi umbúðum og af mismunandi styrkleika, þar með talið sem „roll-on“ og í úðaformi. Styrkurinn af DEET sker úr um heimila notkun vörunnar miðað við aldur en finna má Mygga DEET sem hentar öllum aldurshópum, allt frá tveggja ára aldri. Þar sem DEET er sæfiefni ber að meðhöndla það á öruggan hátt. Mygga DEET er einungis leyfilegt til notkunar á mannfólki, sem vörn gegn mýflugna- og skordýrabiti.

Helstu eiginleikar áburðarins eru að hann virkar vel og lengi og hefur komið vel út í rannsóknum þar sem hann var borinn saman við aðrar tegundir af sambærilegum áburði. Mygga er ofnæmisprófaður og lyktar vel, auk þess sem hann klístrar ekki.

Áriðandi er að farið sé eftir leiðbeiningum og ábendingum framleiðanda um notkun vörunnar. Mygga vörurnar hafa unnið til fjölda verðlauna og hafa undirgengið prófanir á rannsóknarstofum og í vettvangsrannsóknum. Mygga er framleitt af lyfjaframleiðandanum Omega Pharma í Þýskalandi. ■

Mygga fæst á völdum stöðum um land allt, hægt er að finna nánari upplýsingar um vörurnar og sölu- staði á mygga.is. Lyfjaver ehf. er með markaðsleyfi fyrir MYGGA hér á Íslandi



Margir kannast við að hafa orðið fyrir barðinu á flugnabiti í útileggunni eða veiðiferðum. Nú er hægt að fá bót við slíkum ófögnuði með Mygga.



Mygga 20% DEET Rollon 50 ml, ætlað fyrir fullorðna og börn frá 12 ára aldri.

Mygga 50% DEET Spray 75 ml, ætlað fyrir 18 ára og eldri.

Mygga 9,5% DEET Sprey 75 ml, ætlað fyrir fullorðna og börn frá 2 ára aldri.



Mygga After Bite 50ml gel/krem 50ml.

Mygga After Bite

Mygga After Bite 50 ml gel/krem 50 ml, veitir skjótan og árangursríkan árangur gegn kláða og ertingu í húð eftir bit frá lús/bitmýi, mýflugum og mörgum öðrum skordýrum, hefur kælandi áhrif, dregur úr kláða og ertingu í húð eftir bit, mýkir, veitir raka og endurnærir húðina og virkar einnig vel við ertingu í húð af völdum brennnetlu og marglyttu.

Aðgengileg og fjölbreytt útivistarparadís

Á Reykjanesi eru margar fallegar og skemmtilegar gönguleiðir, þægileg og aðgengileg útivistarsvæði og fjölbreytt og einstök náttúrufegurð. Svæðið hefur upp á mikið að bjóða fyrir alla sem hafa áhuga á útivist.

Reykjanes býður upp á gríðarmikla náttúrufegurð, marga góða útivistarstaði og þar er nóg að skoða og gera. Þar geta allir fundið ýmislegt við sitt hæfi.

Einar Skúlason hefur verið gönguleiðsögumaður í meira en áratug og er mjög hrifinn af því að ganga um Reykjanesið. Hann segir að þar sé ótrúlega mikið af fallegum stöðum og leiðum.

„Margar af leiðunum á Reykjanesinu eru eins og kennslustofa í jarðfræði og það er gaman að velta núverandi gosi og öllum hinum gosunum sem hafa orðið á svæðinu fyrir sér,“ segir Einar. „Á Reykjanesi er hægt að sjá ummerki eftir eldgos bæði á ísöld og eftir hana. Allir móbergshryggirnir sem eru þarna urðu til undir jökli og gígarnir og hraunið hafa komið eftir ísöld.“

Allt Reykjanesið og Reykjanes-hryggurinn eru því skemmtileg útivistarsvæði. Ég hef tekið saman slatta af skemmtilegum gönguleiðum og sett þau inn í leiðsögu-appið sem ég á, sem heitir Wapp, og þar er alls konar leiðsögn með leiðunum,“ segir Einar.

Ótal fagarar gönguleiðir

Einar segir að hann gæti örugglega nefnt meira en fimmtíu fallegar og skemmtilegar gönguleiðir á Reykjanesinu en nokkrar séu í sérstöku upphaldi.

„Ein af þeim heitir Prestsstígur, en hún liggur nokkurn veginn milli Grindavíkur og Hafna og fram hjá Eldvarpagígum. Þar eru svakaleg misgengi, sem sýna landrekið, hvernig jarðskorpulekana er að reka í sundur,“ segir Einar. „Það er líka mjög fallegt að ganga strandlengjuna milli Sandgerðis og Garðskaga og um skagann sjálfan. Þar er líka langur garður frá landnámsöld, einar elstu fornminjar á Íslandi sem eru sýnilegar á yfirborðinu.“

Húshólmi er önnur skemmtileg leið sem er ekki erfið. Þar rann hraun á 13. öld sem heitir Ögmundarhraun og það fór yfir jörð þar sem fólk bjó en rann fram hjá húsunum. Það er gaman að skoða töftrnar í miðju hrauninu, sem sýna hvar húsin stóðu,“ segir Einar. „Svo verð ég að nefna Sogin, litríka svæði Reykjanessins, sem er oft líkt við Landmannalaugar. Það er furðulegt og heillandi svæði sem kemur á óvart. Ég fer oft þangað og á Trölladyngju og Grænudyngju í leiðinni, þaðan er svakalega fallegt útsýni.“

Við Reykjanesvita eru líka fallegar gönguleiðir. Ein leiðin er kölluð Hraunahringurinn eða Reykjaneshringurinn og fer fram hjá Valahnúkum, gömlu sundlauginni og dyngjunni Skálafelli þar sem er ótrúlega fallegur gígur. Þarna er gengið meðfram sjávarsíðu, hrauni, gígum og hverasvæði,“ segir Einar. „Þetta er svolítið ævintýralegt ganga.“

Fallegt og þægilegt

Ljósmyndarinn Þráinn Kolbeinsson tók nánast allar myndirnar fyrir bókina um Reykjanes sem kom út fyrr á árinu. Hann segir að þegar hann byrjaði að ferðast um svæðið hafi það komið sér á óvart.

„Það sem kom mér mest á óvart er hvað það er fjölbreytt og hvað það eru margir flottir staðir,“ segir hann. „Núna er ég sjálfur kominn með fjölskyldu og það er gott að vita að rétt fyrir utan höfuðborgarsvæðið sé skemmtilegur og



Reykjanesið er magnaður staður og býður upp á fjölbreytt landslag. Sogin er sérkennilegt háhitasvæði sunnan við Trölladyngju og Grænudyngju. Svæðið er allt ummyndað af jarðhita sem gefur hlíðunum sem eru myndaðar af Sogaselslæknum fjölbreytt litaskrá.

MYND: ÞRÁINNKOLBEINSSON



” Margar af leiðunum á Reykjanesinu eru eins og kennslustofa í jarðfræði.

Einar Skúlason.

krefjandi útivistarstaður og líka fullt af flottum fjölskylduvænum stöðum þar sem hægt er að rölja með barn.“

Þráinn segir að Reykjanesið sé eitt skemmtilegasta svæði landsins til að mynda.

„Sérstaklega í ljósi þess að það hefur orðið svolítið út undan. Það gerir það skemmtilegra að fara á þessa mögnuðu staði að vita að það hafa ekki jafn margir myndað þar eins og víða annars staðar,“ segir hann. „Á Reykjanesi er hægt að mynda staði sem fáir hafa séð og það er rosalega mikið pláss til að gera eitthvað nýtt á stöðunum sem hafa verið myndaðir.“

Fjölbreytt náttúrufegurð

„Fyrir mér var Reykjanesið alltaf bara hraun og flugvöllur, en svo þegar ég fór að skoða og ferðast um svæðið sá ég að hér eru



” Á Reykjanesi er hægt að mynda staði sem fáir hafa séð og það er rosalega mikið pláss til að gera eitthvað nýtt á stöðunum sem hafa verið myndaðir.

Þráinn Kolbeinsson.

heitar laugar, vitar, ótrúlega flottar strandlengjur, háhitasvæði, öll þessi vötn og meira að segja fossar. Það eina sem vantar er jökull, sem er horfinn núna, en við fengum eldgos í staðinn,“ segir Þráinn og hlær. „Þetta er líka svo ótrúlega stutt frá höfuðborgarsvæðinu að þetta er eitthvað sem allir ættu að lita til, þetta er fullkomið fyrir dagsferðir. Það er einnig fullt af skemmtilegum fjöllum og það er hægt að fara á mjög skemmtilega tinda með færra fólki en þessa vinsælustu. Þetta er líka stórbrotnara svæði en margir af vinsælli útivistarstöðunum.“

Ég held að Kleifarvatn sé mjög góður byrjunarpunktur fyrir þá sem vilja kynna sér Reykjanesið,“ segir Þráinn. „Það þarf ekki sérstakan bíl til að komast þangað og þarna er fallegt vatn, strendur, litill hellir og það er fallegur fjallgarður



” Reykjanesið hefur alltaf verið í upphaldi fyrir athafnir og myndatökur. Í fyrsta lagi er praktískt að þurfa ekki að fara langt út úr höfuðborginni, en fólk er stöðugt í kappi við tímenn á brúðkaupsdeginum.

Eva María Lange.

vestan megin sem er ótrúlega gaman að fara upp á, hvar sem er.“

Reykjanesið í miklu upphaldi Pink Iceland er ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í ferðum og viðburðum fyrir hinsegin ferðamenn og býður upp á brúðkaup og myndatökur í náttúrunni sem fara oft fram á Reykjanesinu.

„Hjarta okkar slær fyrir þjónustu við hinsegin ferðamenn en í dag eru líklega 60–70% af okkar brúðkaupum gagnkynhneigð og við tökum vel á móti öllum sem taka vel á móti okkur,“ segir Eva María Lange, framkvæmdastjóri og einn af stofnendum Pink Iceland. „Reykjanesið hefur alltaf verið í upphaldi fyrir athafnir og myndatökur. Í fyrsta lagi er praktískt að þurfa ekki að fara langt út úr höfuðborginni, en fólk er stöðugt í kappi við tímenn á brúðkaupsdeg-

inum. Í öðru lagi er það náttúrufegurðin og víðáttan á Reykjanesi sem heillar marga ferðamenn. Þar fáum við líka meira næði fyrir athafnir en víða annars staðar á landinu og við höfum líka verið í góðu og nánú samstarfi við landeigendur á svæðinu.“

Eva María segir að það séu margir fallegir staðir fyrir myndatökur á Reykjanesinu.

„Geldingadalir eru auðvitað efst á listanum núna, en við höfum líka mikið nýtt Krýsuvík, Seltún, Krýsuvíkurbjarg, Kleifarvatn og svæðið þar í kring,“ segir hún. „Það sem okkur finnst kannski ekki stórmerkilegt heillar oft gesti. Trjálausar hraunbreiður eins langt og augað nær heilla til dæmis Bandaríkjamenn mjög mikið. Við höfum líka nýtt alla helstu staðina mjög vel og reynum að stoppa hjá samstarfsaðilum til að borða, fara á fjörhjóla eða í Bláa Lónið. Það er hellingur í boði.“

Stórkostleg stund við gosið

Fyrir skömmu stóð Pink Iceland fyrir brúðkaupi við eldgosid sem vakti mikla athygli um allan heim.

„Þegar gosið hóst fundum við að við vildum öll hafa brúðkaup þarna. Við erum að koma úr versta ári í sögu fyrirtækisins, en það hefur orðið 97% tekjufall síðasta árið, svo það var gefandi að hefja nýtt tímabil svona. Við eigum vinapar sem þurfti að fresta brúðkaupi vegna Covid og var að hugsa um að fara bara til sýslumanns, en við vildum gera meira úr þessu og leyfðum þeim ekki að hafa mikið um þetta að segja, öfugt við venjulega,“ segir Eva María. „Við sáum um allt og svo fór heilt teymi frá Pink Iceland þarna upp á fjall og saman sköpuðum við stórkostlega stund. Umhverfið var svo ótrúlega fallegt að við þurftum að klípa okkur.“

Þetta er svo búid að fara út um allan heim og hefur fengið umfjöllun í mörgum af stærstu miðlum heims,“ segir Eva María. „Þetta er frábær kynning fyrir okkur, landið og Reykjanes. Þetta hefur líka kveikt í mörgum og við höfum fengið nokkrar fyrirspurnir um að halda fleiri brúðkaup þarna.“ ■

Gerði upp gamalt fellihýsi

Andrea Ida Jónsdóttir Köhler var ekki mikið fyrir útilegur fyrr en hún eignaðist fellihýsi. Hún hefur verið að gera gamalt fellihýsi upp fyrir lítinn pening og hlakkar mikið til að ferðast í sumar um landið.



Elin
Albertsdóttir
elin
@frettabladid.is

Andrea segir að Covid-sumarið í fyrra hafi breytt heilmiklu varðandi ferðavenjur hennar. Þar sem ekki var hægt að komast til útlanda langaði hana að gera eitthvað innanlands með börnum sínum tveimur sem eru 3 og 5 ára. „Ég hef ekki verið mikil útilegukona. Ég fékk lánað gamalt tjald hjá foreldrum mínum og hélt af stað í tjaldútilegu. Eftir eina nótt á góðri uppblásinni dýnu ákvað ég að gera þetta aldrei aftur. Stemningin er skemmtileg og börnunum mínum fannst þetta spennandi en það var kalt og ég var ekki nógu klár í þrímusvesen. Ég er meiri sumarbústaða- eða hótélkona,“ segir Andrea sem heldur úti síðunni @Andrealand á Instagram þar sem hún deilir ýmsu áhuga-verðu sem hún er að bardúsa. Andrea er menntaður leikari og rekur eigið fyrirtæki ásamt því að vera í mastersnámi í verkefnastjórnun í HR.

Ekki fyrir tjaldútilegur

„Mér datt í hug eftir tjaldferðina að sniðugt væri að fjárfesta í tjaldvagni. Ég fann einn notaðan en rosafloktan á Facebook og hélt í ferðalag. Það var gott veður og ferðin æðisleg nema að ég var ekki nógu ánægð með aðbúnaðinn. Þetta var sem sagt of mikill tjaldfílingur fyrir mig,“ segir hún. „Ég seldi vinafólki mínu vagninn, gekk skrefi lengra og fjárfesti í gömlu fellihýsi. Allt gerðist þetta á stuttum tíma og þabbi spurði hvort ég yrði ekki örugglega komin með hjólhýsi í næstu ferð. Við höldum í ferð með fellihýsið í eftirdragi og það var allt annað líf. Þetta átti betur við mig, meira hýsi við mitt hæfi með kyndingu, isskáp, borði, bekk og fleiri græjum,“ segir Andrea, sem fannst þó fellihýsið svolítið amerískt að innanverðu. „Mig langaði að poppa það upp eftir mínum smekk,“ bætir hún við.

Ódýrar endurbætur

Þegar Andrea sótti fellihýsið í geymslu fyrir stuttu ákvað hún að hefjast handa en endurbæturnar máttu þó ekki vera kostnaðarsamar. „Vinkona mín hefur nýlega gert upp sitt fellihýsi og gat gefið mér góðar ráðleggingar. Ég byrjaði

á því að fara í Séræfni og kaupa grunn og lakk í sama lit. Það dugði mér að fara eina umferð og þetta var minna en einn lítri af hvoru sem fór í verkið. Þetta var einfalt, bara þrifa, pússa og mála. Á gólfinu var gamall dúkur sem var orðinn ljótur. Ég ætlaði fyrst að kaupa frekar dýran kork sem ég hélt að yrði að vera en hann kostaði um 50 þúsund þannig að ég fór í Enso. Þeir selja filmu. Ætlaði reyndar að kaupa þykka filmu fyrir borðin en hún var ekki til. Þeir buðu mér aðra tegund af filmu á rúllu sem leit út eins og parket. Sú filma er ekki gólfefni en sölumenn töldu það ganga ef ekki væri gengið um á göddum. Ég filmaði því gólfíð og það kemur rosalega vel út,“ segir hún. Andrea segist hafa gert allt sjálf með örlitilli hjálp frá föður sínum. „Þabbi er svo handlaginn í hverju sem er. Hann hefur kennt mér mjög mikið og ég er alltaf að læra eitthvað nýtt. Ég er ekkert feimin við höggborvélina og á mínar eigin græjur. Eina sem ég á eftir að gera er að skipta um efni á pullunum. Ég er búin að kaupa leðurlíki til þess. Einnig er ég búin að setja ný gluggatjöld og ætla að setja aðra filmu á borðplötturnar. Var ekki nógu ánægð með þá sem ég keypti. Loks ætla ég að spreya blöndunartæki og vask og þetta á allt að vera tilbúið eftir viku þegar ég fer með vinkonum mínum á Laugarvatn. Ég



Svona leit fellihýsið út að innanverðu þegar Andrea keypti það notað. MYNDIR/AÐSENDAR

er sko tilbúin í algjört „Glamping trip.“

Vestfirðirnir næstir

Andrea segist ætla að vera dugleg að ferðast innanlands í sumar með fjölskyldu og vinum. Vestfirðir eru á dagskrá og jafnvel Austurland. „Veðrið mun ráða för,“ segir hún. „Ég endurnýjaði bílinn líka sem

hentar betur fyrir aftanivagn og lét setja á hann krók. Undanfarið er ég búin að æfa mig að bakka með fellihýsi og það gengur bara mjög vel. Ég get víst ekki mætt á tjaldsvæði ein með börn án þess að kunna að bakka fellihýsinu,“ segir hún hlæjandi. „Ég þarf að „lúkka pró“.“ Andrea segir að fellihýsið hafi verið besti kosturinn fyrir sig

því í hjartanu finnst henni gaman að ferðast innanlands og oft mikið stuð á tjaldsvæðunum. „Tjaldsvæðin á Íslandi eru til mikillar fyrirmyndar. Þeir eiga mikið hrós skilið sem standa á bak við þessa starfsemi. Snýrtileg og góð aðstaða auk þess sem leikvællir fyrir börn eru frábærir. Síðan eru oft góðar sundlaugar í nágrenninu.“ ■

Andrea hefur verið að gera upp gamalt fellihýsi og ætlar að nota sumarið til ferðalaga.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ERNIR



Einnota vörur í garðveislur og annan gleðskap

OPÍÐ ALLA
VIRKA DAGA
KL. 8-17

Einnota niðurbrjótanleg kaffimál, glös, diskar og skálar í mörgum stærðum fyrir útilegur, ættarmót, útskriftir og aðrar samkomur.

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | 515 1100 | Austurvegi 69 | 800 Selfossi | 480 1306 | rekstrarland.is





TILBOÐ
2 manna tjald
13.900 kr.

TILBOÐ
4 manna tjald
24.900 kr.

Tjaldhótel

í sveitinni



FARMHOUSE LODGE ER STAÐSETT Í 10 MÍN.
FJARLÆGÐ FRÁ VÍK Í MÝRDAL OG 2 TÍMA
AKSTURSFJARLÆGÐ FRÁ REYKJAVÍK.



Þrjár óviðjafnanlegar íslenskar heimsminjar



Jökulsárlón var fellt inn í Vatnajökulsþjóðgarð 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Þingvellir eiga merka sögu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Þingvellir í haustlitum eru dýrðin ein. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Nánari
upplýsingar
á pyrit.is

Boxxle í ferðalagið!

Tekur 3ja lítra rauðvíns- og hvítvínsbeljur.

Sölustaðir: Útilegumaðurinn, Víkurverk



Skíðað á Hvannadalshnjúk. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR



Surtsey er undur. Hér séð úr lofti. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ísland er fádæma fagurt náttúruundur. Hvarvetna blasa við áhrifaríkar náttúruperlu, stórkostleg saga og menning sem á engan sinn líka. Þar af eru þrjár íslenskir staðir sem samþykktir hafa verið á heimsminjaskrá UNESCO.

Til að komast á heimsminjaskrá UNESCO, Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna, þurfa staðir að teljast sérstaklega merkilegir frá náttúrufræðilegu eða menningarlegu sjónarmiði, og taldir hluti af menningararfi alls mannkyns.

Fyrstur íslenskra staða á heimsminjaskrá UNESCO voru Þingvellir árið 2004, í flokki menningarverðmæta. Árið 2008 bættist Surtsey við vegna einstakra jarðfræðilegra

aðstæðna og þriðji íslenski staðurinn á heimsminjaskrá UNESCO varð Vatnajökulsþjóðgarður árið 2019, vegna einstakrar náttúru sinnar. Þjóðgarðurinn er meðal stærstu þjóðgarða í Evrópu og nær yfir meira en fjórtán prósent flatarmáls Íslands. Hann nær yfir allan Vatnajökul og stór svæði umhverfis hann, þar á meðal Jökulsárgljúfur og Skaftafell, sem voru íslenskir þjóðgarðar fyrir.

Á yfirlitsskrá íslenskra stjórvalda yfir fleiri tilnefningar Íslands á heimsminjaskrá UNESCO eru Breiðafjörður sem náttúru- og menningarminjar, Mývatn og Laxá, sem og Torfajökull sem náttúruminjar, og íslenskar torfbyggingar ásamt tengdu búsetulandslagi á sviði menningarminja.

Því er gaman að hafa þessa

» Heimsminjar UNESCO á Íslandi fela í sér ótal tækifæri til náttúru- og söguskoðunar. Þó er Surtsey friðland sem ekki er opið almenningi.

staði í huga þegar ferðast er um Ísland og njóta þess að sökkva sér í sögu þeirra, menningu og náttúruupplifanir, þótt Surtsey sé friðland sem er ekki opið almenningi og einungis leyfilegt að sigla í kringum hana. ■

STUÐ Í ÚTILEGUNNI MEÐ EXIDE RAFGEYMUM

Áreiðanlegir og sterkbyggðir AGM rafgeymar henta vel fyrir ferðavagna, s.s. hjólhýsi, fellihýsi o.fl. Hraðari hleðsla, minna viðnám í hleðslu, engin uppgrfun í hleðslu og lengra úthald. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.

Ráðgjafar Olís og Rekstrarlands veita allar nánari upplýsingar í síma **515 1100** eða pontun@olis.is.

Ferðaleiðirnar um Austurland eru tillögur að fjölbreyttum ferðalögum innan landshlutans.

Austurland býður upp á fjölbreytta möguleika til útivistar, matarupplifana og tækifæra til þess að njóta menningarviðburða allt árið um kring. Hálandið er stórbrotið og útsýnisferðir meðfram ströndinni við jaðar Norður-Atlantshafsins eru ógleymanlegar.

Fangaðu augnablikin í ferðalaginu og merktu myndirnar með #AUSTURLAND og #VISITAUSTURLAND

Þú finnur okkur á Facebook og Instagram undir merkjum Austurlands og VisitAusturland.

Ferðaleiðir

VIÐ YSTA HAF

Það er margt hægt að upplifa og skoða á við nyrstu strandir á Austurlandi. Við mælum með því að þið gefið ykkur að minnsta kosti þrjá daga í ferðina. Ef þið hafið ekki svo rúman tíma er alltaf hægt að velja eina eða tvær dagleiðir og koma aftur seinna.

AUSTURSTRÖNDIN

Það er margt hægt að upplifa og skoða við Austurströnd landsins. Við mælum með því að þið gefið ykkur að minnsta kosti þrjá daga í ferðina. Ef þið hafið ekki svo rúman tíma er alltaf hægt að velja eina eða tvær dagleiðir og koma aftur seinna.

FLAKKAD UM FIRÐI

Á Austurlandi er margt að skoða og upplifa. Við mælum með því að þið gefið ykkur að minnsta kosti þrjá daga í ferðina. Ef þið hafið ekki svo rúman tíma er alltaf hægt að velja eina eða tvær dagleiðir og koma aftur seinna.

UM ÖRÆFI OG DALI

Það er margt hægt að upplifa og skoða á hálandi Austurlands. Við mælum með því að þið gefið ykkur að minnsta kosti þrjá daga í ferðina.

FLJÓTSDALSHRINGURINN

Fljótsdalshringurinn er ein fjölfarnasta ferðaleiðin á Austurlandi enda er hún sennilega sú vinsælasta á meðal heimamanna. Í grófum dráttum liggur Fljótsdalshringurinn umhverfis Lagarfljótið og inn að Óbyggðasetri Íslands.



Aksturstími ferðaleiða er áætlaður út frá þægilegum og löglegum aksturshraða. Athugið að ferðatími er gefinn upp án stoppa. Fylgstu með færð og veðri á vef Vegagerðarinnar, vegagerdin.is

Á visitausturland.is er að finna upplýsingar um landshlutann, viðburði, gististaði, matsöluastaði og ótalmargt fleira.

Austurland, ævintýri líkast

Ætlar þú að heimsækja Austurland í sumar?

Í Austurlands appinu finnur þú upplýsingar um tilboð, viðburði, verslanir, þjónustuaðila og ótal margt fleira.

Með Suðurland í hjartanu

Karen Kjartansdóttir, sérfræðingur í samskiptum, segir Rangárþing eystra geyma veröld sem höfundar ævintýrabóka geta ekki einu sinni náð utan um. Þar ríki líka stórkostleg orka.

„Suðurland er best í heimi, það er bara þannig,“ segir Karen, sem er Rangæingur í húð og hár, alin upp í fögrum Landeyjunum.

„Ég hef búið víða á Íslandi og ferðast mikið um landið. Ég segi samt alltaf að ég sé með Suðurland í hjartanu og þá sérstaklega Rangárþing eystra. Svæðið er fullt af sögu, fallegu mannlífi og svo fjölbreytileika í náttúru sem á ekki sinn líkan á landinu. Þegar ég hugsa um svæðið veit ég ekki hvar ég á að byrja; víðáttan, fjöllin, sandarnir, árnar, skógarnir, jöklarnir, gljúfrin, aurarnir og fossarnir. Þetta er yfirþyrmandi fegurð og þótt ég hafi alla ævi verið viðloðandi svæðið er ég alltaf að uppgötva eitthvað nýtt og upplifa kunnugleg svæði á algerlega nýja vegu. Það er til dæmis alveg sama hversu fólk fer yfir Fimmvörðuháls og Laugavegin oft, það er aldrei eins.“

Fyrir þá allra hörðustu og fjöl-skyldufólk í rölegheitum

Karen nefnir að fyrir skömmu hafi fólk ekki haft trú á að ferðabjónusta á Íslandi gæti orðið burðug atvinnugrein, en raunin hafi orðið önnur.

„Þótt það laumist stundum að manni eigingjarn söknuður eftir því að njóta náttúrunnar í næði



Karen hljóp í fyrra með Írenu, systur sinni, frá Keldum, á bak við fjallið Þríhyrning, og inn í Fljótshlíð, en þar rekur Írena ferðabjónustu að Hellishólum.

er ábatinn þó langtum meiri en ókostirnir. Uppbygging á vinsælum svæðum hefur gert þau öruggari og aðgengilegri. Metnaðarfull afþreyingarfyrirtæki og veitingastaðir gera svæðið að enn skemmtilegri áfangastað auk þess sem þau gera líf íbúa á svæðinu skemmtilegra og atvinnulífið fjölbreyttara.“

Í bakgarðinum eru Fjallabaks-

leið, Emstrur, Þórsmörk og jöklarnir, en Karen segir þá sem vilja helst ekki fara langt frá Þjóðvegi eitt líka verða gagntekna af fegurðinni.

„Á ferð með fjölskyldunni er hægt að komast inn í töfraheim á tveimur mínútum með því að leggja við Seljalandsfoss og ganga á bak við hann, það er upplifun sem lítið barn mun geyma í minni sér út ævina. En Seljalandsfoss



Karen við skemmtilegt skilti um vegi sem liggja til allra átta í Þórsmörk. Á neðri myndinni stendur Karen í gljúfri í Þórólfsfelli inn af Fljótshlíð.

MYNDIR/ÁSENDAR

er ekki bara þessum göldrum gæddur heldur er hann líka eins konar hliðvörður á milli yfirþyrmandi fegurðarinnar undir Eyjafjöllum og svo víðáttunnar yfir Markarfljótsaura, Landeyjar og inn í Fljótshlíð,“ segir Karen um nokkrar af óviðjafnanlegum náttúruperlum Rangárþings eystra.

„Skógafoss þarf svo vart að nefna en þau sem hafa gengið yfir Fimmvörðuháls, það er að segja frá Skógum og inn í Þórsmörk, vita að hann er bara einn af mörgum stórfenglegra fossa sem blasa við á þeirri leið.“

Ævintýraveröld í bakgarðinum

Karen hvetur ferðalanga til að gefa söfnum og sýningum gaum, hvar sem er á landinu.

„Mér finnst söfn og sýningar á Íslandi hafa tekið miklum framförum undanfarin ár, en engin sýning þykir mér þó jafn mögnuð og sú sem er í Lava Centre á Hvolsvelli. Þar er stórkostlegt að fræðast á skemmtilegan hátt um eldvirkni



svæðisins og kynngimagnaða orkuna í jörðinni. Eiginlega má fólk bara ekki láta þetta fram hjá sér fara,“ segir Karen, sæl í sinni heimasveit.

„Það er bara einhver stórkostleg orka í Rangárþingi sem yljár mér um hjartarætur. Eitthvað blítt, hlýtt og fagurt en samt svo óútreiknanlegt og klikkað. Það eru svo mikil forréttindi að geta heimsótt svona undraheim án nokkurrar fyrirhafnar. Veröld sem höfundar ævintýrabóka geta ekki einu sinni náð utan um.“ ■



HOTEL KVERNA

Fjölskylduvænt og ódýrt hótél í gamla Héraðsskólanum á SKÓGUM

Tveggja manna herbergi með morgunmat 14.900 kr.

Höfum einnig þriggja manna herbergi og tveggja herbergja íbúðir.

Heitur pottur og gufubað

Mjög góð aðstaða fyrir göngufólk og gönguhópa

Uppl. í síma 4540025
info@hotelkverna.is
hotelkverna.is

UPPLIFÐU SUÐURLAND!





SLÖKUN
VELLÍÐAN
UPPLIFUN

JARÐBÖÐIN VIÐ MÝVATN

—

jardbodin.is

mælum með að bóka fyrirfram

Bílar & Farartæki

Bátar

MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR



JAPÓNSK
GÆÐI!

Léttir Fyrirferðalítillir Hjólátir Kraftmiklir Spameytnir 3,5-250 hð

Miðhraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-250þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Hreingerningar

Hreingerningabjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun -
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif
eftir iðnaðarmenn thevegillinn.
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir
menn.

Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

Bókhald

Accountant ehf. Laugavegi 178,
105 Reykjavík S. 4900095 / info@
accountant.is | www.accountant.is

Málarar

REGNBOGALITIR.IS

Málningarþjónusta. Málun
hverskonar mannvirki innan sem
utan. Vönduð vinna unnin af
fagmönnum. Nánari upplýsingar
891 9890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum
innan og utanhús. Vönduð
vinnubrögð og góð umgengni.
Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf.
Sigurður 896-5758.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra
stór bill. Búslóðaalyfta. Flutningaþj.
Mikael S. 894 4560 www.flytja.is
flytja@flytja.is

Húsviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994

RUNARMURARI.IS

Tröppuviðgerðir, Húsviðgerðir,
Þakmálning, Málning o.m.fl.
runarmur@gmail.com S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S.
663 0746.**

Töfluskípti, myndsimar. Hagstæð
verð. Straumblik ehf. Löggitur
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



SVARTUR Á LIT!

Emmaljunga duo vagn og
kerrustykki til sölu, vel með farið.
Verð 45þús eða tilboð S. 663 3313

Óskast keypt

**STADGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!**

Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opið mán - fös 11-16, Skipholt
27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Heilsa

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vigsla í leyndardóma Tantra
með Tantra nuddi. Einstæð upplifun
fyrir þér, konur og karla. S. 698 8301
www.tantratemple.is

Húsnæði

Húsnæði í boði

2ja herb. miðhæð til leigu í 101 RVK.
60fm. Getur leigt með eða án húsg.
Allar uppl. veittar í s. 896 6386

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma.
Geymslur fyrir dánarbúið, allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S. 564-6500



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Auglýsing um tillögu að nýju deiliskipulagi og tillögur að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Rauðhólar.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. maí 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 20. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Rauðhóla. Um er að ræða Rauðhóla sem hafa verið friðlýstir sem fólkvangur síðan 1974, ásamt aðliggjandi svæði í kringum Heiðmerkurveg yfir brunna að Helluvatni. Í tillögunni eru aðalleiðir gangandi og ríðandi um svæðið fest inn á skipulagsáætlun. Er það gert til að auka upplifun ólíkra útivistarhópa í sátt við náttúruna, auk þess sem náttúru- og útivistarstígar eru skilgreindir á uppdrætti. Jafnframt er nýtt bílastæðahólf skilgreint sem jafnframt er þá upphafsstaður fyrir aðkomu inn í Rauðhólana fyrir þá sem koma akandi að svæðinu. Búið er að kortleggja helstu jarðminjar og vistgerðir auk fornleifapunkta. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

Laugardalur – austurhluti.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 28. apríl 2021 og borgarstjórnar Reykjavíkur þann 20. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir austurhluta Laugardals vegna afmörkunar nýrrar lóðar fyrir smáhýsi. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitast eftir að koma fyrir smáhýsum á völdum stöðum í borginni sem búsetuúrræði fyrir skjólstæðinga sína. Í breytingunni felst að koma fyrir allt að 5 smáhýsum á nýrri lóð. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Mýrargata 18.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 5. maí 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 20. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbugtar vegna lóðarinnar nr. 18 við Mýrargötu. Í breytingunni felst að lóðarmörk Mýrargötu eru rýmkuð um 2 metra til norðurs og 3 metra til austurs auk þess að kvöð um göngustíg á milli Mýrargötu 18 og Mýrargötu 16 er felld niður. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Blikastaðavegur 2-8.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 5. maí 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 20. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2-8 við Blikastaðaveg. Í breytingunni felst að leiðrétta lóðastærð, bæta við tveimur byggingarreitum og auka byggingarmagn um 12.500 m². Þá eru bílastæðakröfur uppfærðar. Við útfærslu bygginga skal gæta að heildar samræmi á lóðinni og ásýndum bygginga og brjóta upp lengd húshliðar sem vísa að Vesturlandsvegi. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Lækjargata 12.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 12. maí 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 20. maí 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Lækjargötu 10 og 12, Vonarstræti 4-4b og Skólalabru 2 vegna lóðarinnar nr. 12 við Lækjargötu. Í breytingunni felst að bætt er við heimild til þess að gera þaksvalir á inndregnum húshluta á þaki 4. hæðar að Vonarstræti og inngarði. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá 4. júní 2021 til og með 16. júlí 2021. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 16. júlí 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 4. júní 2021
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

AÐALFUNDUR

Félags lykilmanna – FLM

Aðalfundur Félags Lykilmanna – FLM
verður haldinn **Þriðjudaginn 15. júní nk., kl. 16:30**
að Suðurlandsbraut 4a (4.hæð), Reykjavík.

Dagskrá:
Hefubundin aðalfundarstörf.

Stjórn Félags Lykilmanna



Erum við
að leita að þér?

30%
afsláttur

Planet Buddies
krakkavörur

15%
afsláttur



Apple TV 4K



iPhone 12 mini

10%
afsláttur



Samsung Galaxy S21

Galaxy
Buds Pro
fylgja


Kauphlaup í verslunum og á vef

Kauptu og hlauptu í næstu
verslun eða á vodafone.is

Tilboðin gilda frá 3. - 7. júní og á meðan birgðir endast.

 **vodafone**

Veðurspá Föstudagur



Suðaustan 5-13, skýjað að mestu og víða rigning á köflum. Hiti 9 til 18 stig, hlýjast á Norðausturlandi en að 20 stigum norðanlands á morgun. ■

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Krossgáta

LÁRÉTT

- 1 LÝSA
- 5 FÆRA
- 6 TVEIR EINS
- 8 ÁVÖXTUR
- 10 ÍPRÓTTAFÉLAG
- 11 KJARKUR
- 12 SNAP
- 13 FLEYGUR
- 15 PÚÐUR
- 17 VÍBRA

LÓÐRÉTT

- 1 VÍÐTÆKARI
- 2 LEYSIR
- 3 KULDAPEL
- 4 NYTJAR
- 7 HRUMUR
- 9 BALDNI
- 12 FLET
- 14 FÁLM
- 16 BORG

1	2	3	4		
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1 reka, 5 yta, 6 ff, 8 melóna, 10 kr, 11 þor, 12 betl, 13 spæk, 15 tálkum, 17 títra.
LÓÐRÉTT: 1 rýmkastr, 2 eter, 3 kal, 4 afrotr, 7 far- lama, 9 óþekkt, 12 bæli, 14 par, 16 ur.

Jón Kristinn Þorgeirsson (SA) átti leik gegn Torfa Leóssyni (2152) á Íslandsmóti skáklfélaga.

15. Rxd5! Bxd5 16. Dg7 Hf8 17. Bh6 He4 18. Hxe4 Bxe4 19. Hxd8 Kxd8 20. Dxh7 og hvítur vann skömmu síðar. Ptácníková og Jóhanna Björg Jóhannsdóttir tefla í kvöld hreina úrslitaskák um Íslandsmeistararitil kvenna. Skákvarpið verður með skákina í beinni. Pallamótið í Eyjum á laugardaginn. Íslandsmót kvenna á sunnudag.

www.skak.is: Íslandsmót kvenna ■

NÝBAKAÐ BRAUÐ ALLA DAGA

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is

Sudoku

2			6	1	5			
		1		2	4			3
	6						8	
		6	4					
4	7	2			5			9
	8		9	1		6	4	
		9				7		
8	3		7					
	4			3	8			

4	5			9			7	
	8	3		4				5
				8	2			
			2	4				
1						5	9	
	4	7				8		
			3			7	2	
					1	3		
		8						9

Þrautir felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



FRÉTTABLAÐIÐ er helgarblaðið

Engum hollt að lenda í þessu

Þeir **Hermann Óli Bachmann** og **Benjamin Scott Riggs** höfðu ekki þekkt lengi þegar þeir ákváðu að verja ævinni saman. Nokkrum árum síðar lifnaði draumurinn um barneignir, sem báðir höfðu bælt niður, aftur við. Sonur þeirra kom í heiminn á síðasta ári en þeir eru ósattir við réttindaleysi sitt sem foreldrar.



Þörf á að umbylta öllu kerfinu

Elin Vigdís Guðmundsdóttir var unglingur þegar hún veiktist af átröskun. Nýverið stofnaði hún, ásamt þeim Margréti Helgadóttur og Elísu Guðrúnu Brynjólfsdóttur, samtökin SÁTT um átröskun og tengdar raskanir.



Langaði að gróðursetja fólk

Að sögn **Sigríðar Bylgju Sigurjónsdóttur** snýst umhverfisvitund um að breyta hegðun okkar og sjálf fór hún eftir meistara-nám á sviðinu að velta fyrir sér greftrun fólks og landsvæðinu sem fer undir kirkjugarða. Úr varð verkefnið Tré lífsins og Lífsbókin sem gæti orðið það dýrmætasta sem við skiljum eftir okkur.



Helgarblað Fréttablaðsins, ómissandi hluti af góðri helgi

ILVA

TILBOÐ
GILDA EINGÖNGU
Á AKUREYRI

OPNUNARHÁTÍÐ 4.-7. JÚNÍ NÝ VERSLUN Á AKUREYRI AUSTURSÍÐA 2, NORÐURTORGÍ



©ILVA áskilar sér rétt að leiðfella augljósar villur.



40%

LOTUS 3ja sæta sófi. L217 cm.
Áður 109.900 kr. Nú 65.940 kr. Sparaðu 43.960 kr.



30%

GLORY bekkur. Ýmsir litir. Áður 15.900 kr. Nú 11.130 kr.



30%

ENIX borðstofustóll. Bleikur eða dókkgrár. Velúr áklæði.
Áður 12.900 kr. Nú 9.030 kr. Sparaðu 3.890 kr.



ARTPRINT 50x70 cm plakat.
Áður 5.995 kr. Nú 4.196 kr.

WASHING-UP upphvottasett.
4 mismunandi gerðir.
Áður 5.995 kr. Nú 4.197 kr.



ZAMORA Glerskenkur, svartur. 167x37x80 cm
Áður 129.900 kr. Nú 103.920 kr. Sparaðu 25.980 kr.

20%



SCOTT 2ja sæta sófi. Kentucky 9 bonded leður. L172 cm.
Áður 129.900 kr. Nú 103.920 kr. Sparaðu 25.980 kr.

FJÖLDI GLÆSILEGRA TILBOÐA

- 30-40% af völdum vörum
- 20% af öllum vörum
- Bylgjan í beinni gefur gjafabréf
- Fyrstu 50 sem versla fyrir 10.000 kr. eða meira fá veglegan gjafapoka

OPNUM KL. 11 Í DAG



Úr Creation-seríunni en Aðalsteinn Ingólfsson segir þá myndaröð vera meðal mögnuðustu verka Valgerðar á sýningunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kyngervingin á vorum dögum

MYNDLIST

Lipstick State of Mind

Sýning á síðustu verkum Valgerðar Guðlaugsdóttur

Listamenn Skúlagötu

Aðalsteinn Ingólfsson

Ég minnst þess ekki að hafa skipst á orðum við listakonuna Valgerði Guðlaugsdóttur. Þó var hún nærverandi á mörgum sýningum í Reykjanesbæ sem ég átti aðild að. Nærvera hennar einkenndist hins vegar af svo mikilli hlédrægni, jafnvel einhverju sem kalla mætti þögula fullvissu, að viðstaddir – ekki bara undirritaður – veigruðu sér við að ganga á einkarými hennar. Enda kannski óþarfi, þar sem verk hennar höfðu iðulega sterkari nærveru en flest annað sem fyrir augu bar í listasöluunum hverju sinni. Og þegar Valgerður sýndi ein síns liðs voru áhrifin oft yfirþyrmandi fyrir þá sem ekki voru vanir svo ógrandi og sársaukafullu uppgjöri listamanns við eigið sjálf og kyn. Kannski hefði ekki verið auðvelt fyrir aðvífandi karlmann að ræða opinskátt við listakonuna um þessi verk.

Valgerður var feminískur listamaður í víðasta skilningi. Þótt verk hennar séu á köflum beint og óbeint innlegg í #metoo umræðuna, þá eru þau ekki unnin undir merkjum þeirrar þröngu og oft eitruðu fordæmingarpólítíkur sem sú umræða hefur getið af sér. Í grunninn eru verk hennar tilvistarlegs eðlis, fjalla um það hvað felist í því að vera kona og hvernig konum er meinað að uppfylla sínar eðlislægu og kyntengdu þarfir í nútímaþjóðfélagi.

Um leið litur Valgerður ekki einvörðungu á konuna sem fórnarlamb ákveðinna aðstæðna, heldur meðvirka að hluta til í sköpun þeirra. Klisjukenndar birtingarmyndir kvenleikans á vettvangi samfélagsmiðla og afþreyingar-

”


Í grunninn eru verk hennar tilvistarlegs eðlis, fjalla um það hvað felist í því að vera kona.

iðnaðarins eru ekki eingöngu höfundarverk illa upplýstra (og illa uppallinna ...) karlmanna, heldur eiga konur sjálfar stóran hlut í því að móta þessar birtingarmyndir, sjá áhrifamiklar ritstýrur tisku- og lífsstílsblaða og bloggsideina.

Trúðslegar lambhúshettur

Það er ekkert einfalt og sjálfsagt við þessa umræðu, og ekki heldur við það hvernig Valgerður tekur á henni. Gott dæmi er notkun hennar á þrjúnuðu lambhúshettunni, sem er eitt af nokkrum leiðarstefjum í verkum hennar. Hettan getur verið tákn fyrir kyngervinguna sem sérhver kona öðlast fyrir eigið tilstilli (samanber fleyg orð Simone de Beauvoir), og einnig fyrir þær kröfur sem þjóðfélagið gerir til kvenna, sjá glyðrúlegan varalit, kinnroða og farda sem saumaður er á hverja hettu. Um leið getur hettan verið gríma – dulargervi konunnar – sem gerir henni kleift að fara huldu höfði við aðstæður sem eru henni mótdrægar. Loks er lambhúshettan sérstök einkunn hryðjuverkamanna, það er þeirra sem vilja ganga á milli bols og höfuðs á ríkjandi þjóðfélagsástandi.

Meðal mögnuðustu verka Val-



gerðar á minningarsýningunni Lipstick State of Mind hjá galleríi Listamönnum er sennilega myndröðin Creation, þar sem konur með trúðslegar lambhúshettur eru sýndar, hver í sínu móðurlífi, önnum kafnar við að búa sér til líf á eigin forsendum, ekki móðurinnar. Jafnvel hér – þar sem henni er sennilega mest niðri fyrir – lætur listakonan okkur um endanlega túlkun.

Tilvísanir Valgerðar og táknmyndir eru sem sagt margræðar, stundum uppfullar með svartan húnor og þversagnir, og þær taka mið af jafnt dægurmenningu sem viðtekinni myndlistarsögu. Þeir sem vilja geta svo sem tengt á milli listakonunnar og harðsnúinna myndlistarkvenna á borð við Guerrilla Girls, Kiki Smith, Önnu Medietu eða Kóru Smith. En tamast er Valgerði að gaumgæfa kvenleikann og kvengervinguna út frá bóklegum aðföngum: tiskublöðum, vemmilegum forsiðumyndum ódýrra ástarsagna, dúkkulísu, frumstæðum grafíkmyndum sem hún hefur séð í þjóðfræðiritum, kennslubókum í náttúrufræði eða frásögnum í myndabókum fyrir börn. Rorschach-mynstrið úr einhverju sálfræðiritinu, alþjóðlegt

merki persónuleikagreiningar, verður henni til dæmis að eftirminnilegu tákni fyrir konuna sem tilfinningaveru.

Hin meðfærilega kona


Nánast öll þessi aðföng eiga eitt sammerkt; þau eru „meðfærileg“, rétt eins og konurnar sem fjallað er um. Þær eru sýnishorn sem hægt er að festa á spjöld eins og sjaldgæf skordýr og draga fram við hátíðleg tækifæri, þær eru sprellidúkkur uppi á vegg og þegar eigandi þeirra kippir í spotta glenna þær út fæturna, þær eru vindrella með fótleggjum iklæddum silkisokkum og sexi skóm sem snýst og snýst ef við þær er komið og þær eru Hood ornaments, skraut til að hafa ofan á húddi á bíl. Utan um þessi verk og allt um kring er svo kadmíumrætt mistur, litróf blóðs, fýsnar og eitruðra efnasambanda.

Valgerður lést fyrir nokkrum vikum. Eins og nefnt er í sýningar-skrá skilur hún eftir sig „áleitíð höfundarverk sem talar beint inn í samtímann“. Af lofsverðri hugdirfsku – og í anda listakonunnar – hafa ættingjar hennar skipulagt þessa sýningu eins og ekkert hafi í skorist. ■

Kick ass Wheel er meðal verka Valgerðar á sýningunni.

KOMDU MEÐ!

Árleg fjölskylduganga Ljóssins á Esjuna verður 9. júní



Við göngum af stað klukkan 11:00

Árleg fjölskylduganga Ljóssins verður miðvikudaginn 9. júní. Lagt verður af stað upp Esjuhlíðar kl. 11:00. Við hvetjum alla þjónustuþega og aðstandendur, sem og allt okkar velgjörðarfólk til að ganga með okkur. Hver og einn gengur á sínum hraða og eins langt og hann treystir sér til.

Við hlökkum til að sjá ykkur,
Starfsfólk Ljóssins



**NÝ UPPSKERA
AF HOLLENSKRI PAPRIKU**



459 kr./kg

Fersk Græn Paprika frá Hollandi

498 kr./kg

Fersk Gul eða Rauð Paprika frá Hollandi

FERSKUR ASPAS



500 g

798 kr./pk.

Ferskur Aspás 500 g í pk. - frá Perú

EINFALDUR OG GÓMSÆTUR FORRÉTTUR



2.998 kr./ks.

Nauta Carpaccio frosið - 10x80 g

FERSKUR MAÍS



195 kr./stk.

Ferskur Maís heill u.p.b 300 g - Sweet Corn frá BNA

FERSKT SPERGILKÁL



398 kr./kg

Ferskt Spergilkál frá Spáni

EINFALDUR OG GÓMSÆTUR EFTIRRÉTTUR



479 kr./stk.

Cheesecake Factory Ostakökusneið 97 g

SÚRDEIGS PIZZADEIG OG PIZZAOSTUR



399 kr./pk.

Myllan Ostaslaufur 4 stk í pk.



398 kr./pk.

Bónus Súrdeigs Pizzadeig 300 g í pk.



498 kr./pk.

MS Pizzaostur 200 g í pk.



500 g

198 kr./pk.

Bónus Heilkornabrauð 500 g í pk.



BONUS
GRILLVERSLUN
ALLRA
LANDSMANNA

SMASH STYLE UNGNAUTAHAMBORGARAR
100% ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT



2X 100 g **498** kr.
2X 120 g **559** kr.
2X 140 g **598** kr.

198 kr./pk.

Smash Style Hamborgarar úr 100% íslensku ungnautahakki

Bónus Hamborgarabrauð 4 stk. í pk.

VINSÆLASTA GRILLKJÖTIÐ Í BÓNUS



NÚ LÍKA
Í KRYDDSMJÖRI

1.998 kr./kg

Íslandslamb Lambagrillsneiðar 2 tegundir



98% KJÖT

BÓNUS VÍNARPYLSUR (98% KJÖT)

BÓNUS PYLSU BRAUÐ

BÓNUS VÍNARPYLSUR

498 kr./pk. **198** kr./pk. **398** kr./pk.

Bónus Kjötpylsur 10 stk. í pk.
Bónus Pylsubrauð 5 stk. í pk.
Bónus Vínarpylsur 10 stk. í pk. - verð áður 429 kr.

BÓNUS GRILL GRÍSAKÓTILETTUR



BÓNUS GRILLKJÖT

Kryddaðar Grísakótilettur

BÓNUS GRILLKJÖT

Kryddaðar Grísakótilettur BBQ

1.298 kr./kg

Bónus Grill Grísakótilettur m/beini - 2 tegundir - verð áður 1.498 kr./kg

SAMA VERÐ
UM LAND ALLT

Föstudagur

Fréttavaktin
fyrir alla

kl. 18.30 á virkum dögum

FRÉTTA
VAKTIN

Fréttavaktin býðum landsmönnum upp á fjölbreytta fréttavaktin í opinni dagskrá. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti að ræða helstu mál líðandi stundar. Fréttavaktin er á dagskrá alla virka daga kl. 18.30 á Hringbraut og frettabladid.is

HRINGBRAUT

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin úrval** Helstu fréttir vikunnar með Margræti Erlu Maack.
- 19.00 Kaupmaðurinn á horninu** Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.
- 19.30 433.is** 433.is er fréttavaktin og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
- 20.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 20.30 Fréttavaktin úrval** Helstu fréttir vikunnar með Margræti Erlu Maack.
- 21.00 Kaupmaðurinn á horninu** Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.
- 21.30 - 433.is** 433.is er fréttavaktin og viðtalsþáttur um íþróttirnar heima og erlendis.
- 22.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.

RÚV Sjónvarp

- 11.00 Heimaleikfimi**
- 11.10 Kastljós**
- 11.25 Menningin**
- 11.35 Okkar á milli**
- 12.15 Nýjasta tækni og vísindi**
- 12.40 Í garðinum með Gurrý**
- 13.10 Ferðastíklur**
- 13.55 Innlit til arkitekta**
- 14.25 Grænkeramatúr**
- 14.55 Átjándi öldin með Pétri Gunnarssyni**
- 15.30 Sagan bak við smellinn – Take My Breath Away**
- 16.00 Saman að eilífu**
- 16.30 Basl er búskapur**
- 17.00 Íslandsmótið í hópfimleikum**
- 18.40 Táknafréttir**
- 18.50 Sumarlandabrot 2020**
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Sögufólk framtíðarinnar** Þrjár leiknar stuttmyndir úr smíðju ungra höfundar sem framleiddar voru í tengslum við verkefnið Sögur hjá KrakkaRÚV. Handritin að stuttmyndunum þremur, Sporin, Heimsókn til ömmu og Björgunarleiðangurinn, voru valin í handritasamkeppni Sagna og eru höfundarnir á aldrinum 9-12 ára.
- 20.05 Dýrin mín stór og smá**
- 20.55 Héraðið**
- 22.25 Barnaby ræður gátuna**
- 23.55 ABC-morðin**
- 00.50 Dagskrárlök**

Stöð 2 Golf

- 08.15 Tvöfaldur skolli**
- 08.50 Tvöfaldur skolli**
- 09.45 World Golf Championship 2021**
- 16.00 PGA Special: 25 Years of Tiger**
- 16.45 PGA Special: One Shot Away 2021**
- 17.05 LET Tour 2021 - Highlights**
- 17.50 2021 PGA Tour Champions Learning Center**
- 18.10 PGA Special: Nicklaus: Re-Designing Muirfield Village Golf Club**
- 18.40 PGA Tour Profiles**
- 19.00 PGA Tour 2021**
- 23.00 US Women's Open 2021**

Sjónvarp Símans

- 06.00 Síminn + Spotify**
- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.05 The Biggest Loser**
- 16.50 The King of Queens**
- 17.10 Everybody Loves Raymond**
- 17.35 Dr. Phil**
- 18.20 The Late Late Show**
- 19.05 The Block**
- 20.10 Meikar ekki sens**
- 20.35 Ella Enchanted.** Þegar Ella fæðist, þá gefur álfa-guðmóðir hennar henni þá gjöf, að hún verði að vera hljóðin, sem er einnig bölvun. Hún getur ekki með nokkru móti neitað neinum um neitt sem hún er beðin um, hversu illt sem það er. Þegar Ella er orðin fullsödd á því að láta ráðskast með sig, þá fer hún að heiman, með talandi bók með sér, til að leita að guðmóðurinni og skila þessari árans gjöf. Þessi einfalda fyrirætlan breytist fljótlega í ótrúlegt og ævintýrlegt ferðalag, með risum, vondum stjúpstrymum og illu ráðabruggi frænda draumaprinsins, sem vill ná undir sig krúnunni og konungdæminu.
- 22.10 Molly's Game**
- 00.30 Rush**
- 02.30 The Butler**
- 04.40 Síminn + Spotify**

RÚV Rás eitt

- 06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
- 06.50 Morgunvaktin**
- 07.00 Fréttir**
- 07.30 Fréttayfirlit**
- 08.00 Morgunfréttir**
- 08.30 Fréttayfirlit**
- 09.00 Fréttir**
- 09.05 Í ljósi sögunnar**
- 09.45 Morgunleikfimi**
- 10.00 Fréttir**
- 10.03 Veðurfregnir**
- 10.13 Óskastundin**
- 10.50 Veðurfregnir**
- 11.00 Fréttir**
- 11.03 Mannlegi þátturinn**
- 12.00 Fréttir**
- 12.03 Hádegjöld**
- 12.20 Hádegisfréttir**
- 12.42 Hádegjöld**
- 13.00 Dánarfregnir**
- 13.02 Samfélagið**
- 14.00 Fréttir**
- 14.03 Málið er**
- 15.00 Fréttir**
- 15.03 Sögur af landi**
- 16.00 Síðdegisfréttir**
- 16.05 Vinill vikunnar**
- 17.00 Fréttir**
- 17.03 Lestarklefinn**
- 18.00 Spegillinn**
- 18.30 Brot úr Morgunvaktinni**
- 18.50 Veðurfregnir**
- 18.53 Dánarfregnir**
- 19.00 Flugur**
- 19.45 Lofthelgin**
- 20.30 Mannlegi þátturinn**
- 21.25 Kvöldsgagan: Njals saga**
- 22.00 Fréttir**
- 22.05 Veðurfregnir**
- 22.10 Samfélagið**
- 23.05 Lestarklefinn**
- 00.00 Fréttir**
- 00.05 Næturútlit Rásar 1**

Stöð 2 Bíó

- 12.35 Steinaldarmaðurinn**
- 14.00 Matters of the Heart**
- 15.20 The Sweet Life**
- 16.45 Steinaldarmaðurinn**
- 18.15 Matters of the Heart**
- 19.30 The Sweet Life**
- 21.00 Neighbors 2: Sorority Rising**
- 22.30 A Star Is Born**
- 00.40 Sometimes the Good Kill**
- 02.10 Neighbors 2: Sorority Rising**

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.15 The O.C.**
- 09.00 Bold and the Beautiful**
- 09.20 Divorce**
- 09.45 Shark Tank**
- 10.30 Hvar er best að búa?**
- 11.00 Í eldhúsinu hennar Evu**
- 11.20 Friends**
- 11.45 Friends**
- 12.05 Golfarinn**
- 12.35 Nágrannar**
- 12.55 Framkoma**
- 13.25 Lóa Pind: Snapparar**
- 14.00 Jamie's Quick and Easy Food**
- 14.25 Grand Designs: Australia**
- 15.15 Race Across the World**
- 16.15 The Goldbergs**
- 16.40 Modern Family**
- 17.05 Fréttabáttur EM 2020**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.26 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.50 Sportpakinn**
- 18.55 The Greatest Dancer**
- Dans- og skemmtiþáttur þar sem gleði, glamúr og taumlaus hamingja ráða ríkjum. Í hverjum þætti sjáum við stórkostleg dansatriði af öllum gerðum frá ólíkum dönsurum á öllum aldri. Það er til mikils að vinna, dansarnir keppast um hylli áhorfenda sem hafa órlög þeirra í hendi sér en í lok þáttaraðar er besti dansarinn krýndur.
- 20.05 Í kvöld er gíg**
- 20.55 Walking Out**
- 22.30 Hotel Artemis** Spennutryllir frá 2018 með Jodie Foster í aðalhluverki. Hotel Artemis gerist í ekki svo fjarlægri framtíð í Los Angeles þar sem blóðug og mannskæð uppbot og óeirðir hafa sett allt daglegt líf fólks úr skorðum. Ein vin er til staðar mitt í glundroðanum en það er Hotel Artemis sem í raun er leynilegt sjúkrahús fyrir glæpamenn.
- 00.05 The Hunter's Prayer**
- 01.35 The O.C.**
- 02.15 Divorce**
- 02.40 Shark Tank**
- 03.25 Friends**
- 03.45 Friends**

Stöð 2 Sport

- 08.45 Dominos körfuboltakvöld**
- 09.20 Frá hræðslu til hugrekksis**
- 09.55 Stjarnan - Þór Þ.**
- 11.35 Valur - Breiðablik**
- 13.20 KR - ÍA**
- 15.00 FH - ÍBV**
- 16.25 Haukar - Afturelding**
- 17.55 Selfoss - Stjarnan**
- 19.30 Seinni bylgjan karla - Upphitun**
- 19.55 Valur - KA**
- 21.30 Seinni bylgjan - karla**
- 22.30 Stjarnan - Þór Þ.**

Stöð 2 Sport 2

- 08.55 Chelsea - Leicester City**
- 10.40 Badalona - Barca**
- 12.15 EM 2008**
- 13.05 Baskonia - Valencia**
- 14.40 Pólland - Rússland**
- 16.20 EM 1992**
- 17.20 Spánn - Portúgal**
- 19.25 Belgía - Grikkland**
- 21.40 Badalona - Barca**
- 23.15 Kristianstads DFF - FC Rosengård**

FÁÐU BETRA VERÐ Á MATVÖRU MEÐ SAMKAUP Í SÍMANUM



DÚ GETUR
NOTAÐ APPIÐ
Í ÖLLUM
VERSLUNUM
SAMKAUPA
Á LANDSVÍSU.

NÁÐU Í
APPIÐ OG
SAFNAÐU
INNEIGN.



samkaup
VERSLUN VIÐ HENDINA

nettó Iceland KJÖRBÚÐIN

Krambúðin



samkaup.is/app

Pastellitir vinsælar í sumar

Tískumiðlar erlendis spá því að pastellitir verði sérstaklega vinsælar í sumar. Vott af þessu trendi má nú þegar sjá í helstu fataverslunum hér á landi.

steingerdur@frettabladid.is

Nú er sumarið gengið í garð þótt veðrið sýni það kannski ekki. Það breytir þó ekki því að með sumrinu fer fólk að klæðast litríkari fötum og eru pastellitir alveg sérstaklega vinsælar um þessar mundir.

Dragtir virðast vera sérstaklega vinsælar, sem og töskur. Það getur komið vel út að klæðast nokkrum pastellitum saman.

Það er nóg framboð í öllum helstu fataverslunum af pastellit-udum fötum, þannig að þrátt fyrir rigningu og vind er um að gera að klæða sig upp í glöðlega pastelliti og njóta sumarsins. ■



Þýska sjónvarpsstjarnan Janin Ullmann á tískuvíkunni í Berlín.



Systurnar Vera Arrivabene og Viola Arrivabene tóna vel saman hvor í sinni pastellituðu dragtinni.



Þýska tiskugyðjan Leonie Hannie í Milanó.

Alexandra Lapp í gulum jakka frá Zara.



Áhrifavaldurinn Aylin Koenig glæsileg í fjólublárra dragt frá Riani.



Martina Gronowska í ljósblárra dragt frá Massimo Dutti.

Dragtir í pastellitum virðast vera sérstaklega vinsælar.

Fyrirsætan Emmy Rappe í grænu á tiskuvíkunni í París.

Útskriftar-tilboð

ÍSLENSK HÖNNUN

SMÁRATORGI | KRINGLAN | GLERÁRTORGI | LINDESIGN.IS

Tiltekt



Við tökum til
og bjóðum valdar vörur
á stórlækkuðu verði.

FRITZ HANSEN, ROSENDAHL, STELTON,
ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO,
JOSEPH JOSEPH, CARL HANSEN,
HAY OG ALLIR HINIR

Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is



10-70% AFSLÁTTUR

Í DAG FÖSTUDAG,
OG Á MORGUN
LAUGARDAG,
4. - 5. JÚNÍ



Kvikmyndin Saumaklúbburinn var tekin upp á þremur vikum síðasta sumar, á milli Covid-bylgna. Fimm af fremstu leikkonum landsins fara með aðalhlutverkin í myndinni.

MYND/STILLA

Allar sympatískar á sinn hátt

Kvikmyndin Saumaklúbburinn var frumsýnd fyrir viku og hefur fengið góðar viðtökur. Hún fjallar um vinkvennahóp sem fer saman í sumar-bústað. Myndin skartar fimm af fremstu leikkonum landsins, þar á meðal Jóhönnu Vigdís Arnardóttur.

steingerdur@frettabladid.is

Síðasta föstudag var bíómyndin Saumaklúbburinn frumsýnd en hún skartar fimm af fremstu leikkonum landsins í aðalhlutverkum, þeim Jóhönnu Vigdís Arnardóttur, Elmu Lísu Gunnarsdóttur, Eddu Björgu Eyjólfsdóttur, Arndísi Egilsdóttur og Helgu Brögu Jónsdóttur. Gagga Jónsdóttir leikstýrir ásamt því að skrifa handritið með Snjólaugu Lúðvíksdóttur. Það er því nokkuð ljóst að það er einvalalið sem stendur að baki Saumaklúbbnum, sem var tekin upp á þremur vikum milli Covid-bylgna síðasta sumar. Myndin fjallar um fimm vinkonur sem skella sér í sumar-bústað saman til að hafa gaman. Þegar á liður koma þó ýmsir erfðir og flóknir hlutir upp á yfirborðið, svona þegar vinið fer að flæða. Jóhanna Vigdís, oft kölluð Hansa, segir að eflaust geti margar konur tengt við karakterana í myndinni.

Cava og kampavín á kvöldin

„Þetta var tekið upp síðasta sumar í þessu dásamlega millibilsástandi sem kom í Covid-inu. Rétt undir lokin á tókunum voru farin að koma upp smit í bænum en við vorum bara innilokaðar í okkar litlu „búbbli“. Við stelpurnar sem lékum í myndinni bjuggum á settinu með sminkunni í bústaðnum þar sem myndin var tekin upp. Aðrir sem unnu að myndinni dvöldu bara tveimur mínútum frá okkur í bústöðum þarna í kring,“ útskýrir Jóhanna Vigdís.

Hún segir að þetta hafi verið æðisleg reynsla og í raun algjör lúxus.

„Þetta voru ekki langir dagar. Þetta var algjör lúxus, svona í íslenskri kvikmyndagerð. Við vorum náttúrulega „trítadar“ eins og drottningar. Við þurftum að vinna þetta nokkuð hratt og næsta dag þurftum við auðvitað bara að taka næstu senur, þannig að kvöldunum eyddum við í að æfa saman senur næsta dags. Það var mjög skemmtilegt, þá fengum við okkur cava eða kampavín, sátum og æfðum. Ótrúlega gaman,“ segir hún.

Standa með þeim alla leið

Leikkonurnar fimm þekktust allar fyrir og því myndadist mjög góð stemning í hópnum.

„Við þekktumst allar fyrir og



Jóhanna Vigdís segir að margar konur geti eflaust tengt við karakterana.

MYND/ÁSEND

sumar okkar hafa þekkt mjög lengi. En það var virkilega gaman að endurnýja kynnin og þetta hristi hópinn svo sannarlega saman. Við vorum alveg orðnar eins og gamall og góður saumaklúbbur. Við litum á það sem skyldu okkar að fá okkur „búbbli“ á kvöldin,“ segir hún og hlær.

Jóhanna Vigdís segir karakterana alla mjög ólíka.

„Við eigum allar mjög greiðan aðgang að okkar karakterum og þó svo að við séum ekki endilega líkar þeim, þá getum við tengt við „element“ sem magna þá upp. Sú sem ég leik er samt ekkert eins og ég og þeirra karakterar eru ekkert eins og þær. Það sem mér finnst svoltið skemmtilegt er að þó að þetta

sé mikið grín, fyndið og fáránlegt þá gerum við þetta af fullri alvöru. Við höldum með okkar konum alla leið. Þær eru allar sympatískar á sinn hátt.“

Þær hafi samt sinn djöful að draga, en það er gott í þeim öllum, útskýrir Jóhanna Vigdís.

„Við vorum ekki að gera grín að þeim eða neitt þannig. Eins og ég sagði, við stöndum með þeim alla leið.“

Fékk hláturskast

Hún segist viss um að margar konur geti tengt við karakterana og þær aðstæður sem koma upp í myndinni.

„Já, algjörlega. Ég held að flestar þekki einhverjar af þessum konum,



Ég held að flestar þekki einhverjar af þessum konum, og þá jafnvel bara í sjálfum sér.

og þá jafnvel bara í sjálfum sér.“ Viðtökurnar hafa verið góðar. Leikkonurnar sáu myndina sjálfar í raun í fyrsta sinn síðasta föstudag á frumsýningunni.

„Við höldum hátiðarsýningu fyrir aðstandendur og þannig. Þá vorum við sjálfar ekki búnar að sjá neitt. Við sátum þarna með fullan Covid-sal af fólki. Ef ég tala bara fyrir sjálfa mig þá kom þetta mér ótrúlega skemmtilega á óvart. Það var alveg tilfinningin sem við fundum, að við hefðum mjög skemmtilegt efni í höndunum. Það var eitthvað sem við upplifðum meðan á tókum stóð en svo vissi maður auðvitað ekki hvernig þetta kæmi út. Þetta kom mér allavega mjög skemmtilega á óvart. Þegar senur komu sem ég var ekki í og ég var að sjá í fyrsta skipti, þá fékk ég hláturskast.“

Leikhópurinn var sammála því að þær þyrftu að kíkja saman aftur á myndina.

„Það var svo mikið hlegið, þannig maður missti eiginlega af helling af bröndurum. Líka til að fá tækifæri til að horfa á myndina þegar maður er ekki í stresskasti að vera að horfa á sjálfa sig,“ segir hún og hlær. ■





Í LOFTINU

BÍTIÐ

VIRKA DAGA 06:50-10:00


BYLGJAN

989


SAEKU NÝJA APPIÐ!




NÝJUSTU SUMARKILJURNAR!




Dauðahlíðið
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
 Verð: 3.999.-




Mávurinn
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
 Verð: 3.999.-



Hittumst í paradís
 Verð: 3.999.-




Sönn erlend sakamál
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
 Verð: 3.699.-



Skollaleikur
 Verð: 3.999.-




Sumarið í sveitinni
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
 Verð: 3.999.-



Ást
TILBOÐSVERÐ: 3.399.-
 Verð: 3.999.-



Meistari Jakob
TILBOÐSVERÐ: 3.499.-
 Verð: 3.999.-



Grunur
 Verð: 3.999.-



Austurstræti 18
 Skólavörðustíg 11
 Laugavegi 77
 Hallarmúla 4
 Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
 Kringlunni suður
 Smáralind
 Hafnarfirði - Strandgötu 31
 Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
 Akranesi - Dalbraut 1
 Ísafirði - Hafnarstræti 2
 Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
 Húsavík - Garðarsbraut 9



Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verstunum. Tilboðsverð gilda til og með 7. júní eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



550 5000

RITSTJÓRN
ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGAÐEILD
auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN
Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

Bakþankar



Svanborgar
Sigmarsdóttir

Hægjum á okkur

Ég þarf að játa svoltið. En áður en farið er lengra vil ég gjarnan biðja lögregluna um að skoða bara auglýsinguna hérna til hliðar. Það er örugglega hægt að láta sig dreyma um betri dýnu og drjúgan svefn.

Þar sem við erum þá komin hérna örfá, í öruggan trúnaðarhring, er öruggt að deila leyndarmálum.

Í um það bil þrjátíu ár hef ég verið helst til ofiðin við að kitla pinnann og aka of hratt. Og fengið fleiri hraðasektir en ég kæri mig um. Ég gjörsamlega vanmet aðstæður og ofmet ökuhæfni mína, líkt og allt of stór hluti landsmanna. Í flestum tilfellum hefur mér þó ekki legið svona mikið á í raun. Nema í eitt skiptið.

Þá var ég að keyra úr Skagafirði yfir á Blönduós, í svartaboku á hraða sem hefði í það minnsta átt að færa mér einhverja punkta og mjög háa sekt. Mögulega tímaþundna sviptingu. En þegar lögreglan stöðvaði mig sýndi hún því fullan skilning að við værum að drífa okkur. Klukkan var orðin margt og ungar stúlkur þurftu að komast á Sólarball. Blönduóslög-reglan, sem landspekkt er fyrir að taka hart á hraðabrotum, vísaði okkur því bara áfram með þeim orðum að fara aðeins varlegar. Og skemmta okkur vel.

En flest erum við ekki ungt fólk, að verða of sein á lífsnaðsynlegt ball. Við erum oftast bara að fara í vinnuna, í búðina eða skutla börnum í tómstundir. Og innanbæjar skiptir það ekki öllu hvort við keyrum á 50 eða 30. Á hinn bóginn getur það verið lífsnaðsynlegt fyrir aðra að við keyrum hægar. Fyrir þau sem geta orðið fyrir bílnum skiptir öllu hvort við erum á 50 eða 30. ■

HEILSUDÝNUR OG -RÚM | SÓFAR | SVEFNSÓFAR | STÓLAR | MJÚK- OG DÚNVÖRUR | BORD OG SMÁVÖRUR

DORMA
SMÁRATORGI
OPIN Á SUNNUÐ.
KL. 13-17

DORMA

Láttu drauminn ræstast

Sumarútsalan HEFST Í DAG

Smáratorgi | Holtagörðum | Akureyri | Ísafirði



www.dorma.is

VEFVERSLUN
ALLTAF
OPIN

SJÓMANNADAGSBLAÐIÐ 2021
FYLGR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



SJÓMANNADAGSRÁÐ
ÓSKAR SJÓMÖNNUM OG
AÐSTANDENDUM ÞEIRRA
TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN!



Sumar útsala

ALLT AÐ

60%

AFSLÁTTUR

Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-17
Sun. kl. 13-17 (Smáratorg)

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

DORMA

Láttu drauminn ræstast